

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr. 68/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Daniel Péturssyni og**

**Þorsteini Geirssyni**

(Guðmundur Ingví Sigurðsson hrl.).

Tolllagabrot. Ólöglegur innflutningur. Eignarupptaka. Skilorð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 17. febrúar 1982. Agrip málsins barst Hæstarétti 2. september s. á.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar héraðsdóms að því er varðar úrlausn um háttsemi ákærðu Daníels og Þorsteins, en mál þetta var höfðað í héraði gegn 26 öðrum mönnum, er unað hafa héraðsdómi. Þá er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Verjandi krefst þess, að ákærðu verði sýknaðir og allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu á báðum dómstigum. Til vara er krafist vægustu refsingar, er lög leyfa, og að dæmd verði málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hér fyrir dómi.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara. Varðar atferli beggja ákærðu við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr., og 2. mgr. 71. gr. laga nr. 59/1969.

Rekstur máls þessa hefur verið næsta hæggingur, og teflir verjandi fram þeim rökum, að sök sé fyrnd. Hér er þess m. a. að gæta, að mál var höfðað samfellt gegn 28 mönnum, og eru nokkrir þeirra farmenn, sem eru fjarvistum langtímum saman. Þegar rannsóknarferill málsins er virtur í heild sinni og haft í huga umfang málsins og málasmálagið, þykir eigi verða talið, að sakir ákærðu séu fyrndar samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940.

Mjög langt er um liðið síðan brot ákærðu voru framin, og greinir sakaskrá eigi frá neinum brotum þeirra síðar samkvæmt því, sem saksóknari skýrði frá í flutningi málsins. Þykir réttmætt að fresta ákvörðun um refsingu ákærðu hvors um sig, og falla skal hún niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa fyrir viðkomandi, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku á sjónvarpstæki ákærða Daniels og sjónvarpstæki ákærða Þorsteins, þau er í málinu greinir, eiga að vera óröskuð svo og ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar að því er þá varðar.

Ákærði Daniel greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 3.500.00 krónur, og ákærði Þorsteinn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur, en allan annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlausn í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

Er ákærði Daniel kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 29. október 1976, er eigi bókað, að gætt hafi verið ákvæða 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Er það aðfinnsluvert, en þing þetta háði annar dómari en dómari sá, sem kvað upp dóm í málinu.

Mikill dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, eftir að hinn síðarnefndi dómari tók við því. Er eigi gerð grein fyrir því í héraðsdómi, hverjar ástæður séu til þessa dráttar.

#### D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærðu, Daniels Péturssonar og Þorsteins Geirssonar, hvors um sig skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa fyrir viðkomandi, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku á sjónvarpstæki ákærða Daniels og sjónvarpstæki ákærða Þorsteins eiga að vera óröskuð svo og um sakarkostnað að því er þá varðar.

Ákærðu greiði hvor um sig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi. Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæsta-

réttarlögmanns, 3.500.00 krónur. Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 3. desember, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 556—583/1981: Ákærvaldið gegn Þorláki Þórarinssyni, Friðbirni Kristjánssyni, Gísla Hafliðasyni, Helga Ívarssyni, Jóhanni Páli Lilaa Símonarsyni, Þorsteini Bjarnasyni, Þorsteini Helga Magnússyni, Guðmundi Guðmundssyni, Ólafi Ólafssyni, Finnoga Gíslasyni, Braga Sigurðssyni, Guðmundi Guðlaugssyni, Gunnari Tómasi Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni, Sigurði Kristni Eyjólfssyni, Þorsteini Geirssyni, Júlíusi Sigurðssyni, Guðmundi Ásgeirssyni, Kristjáni Heimi Lárussyni, Magnúsi Gunnarsyni, Daniel Péturssyni, Geir Marinó Jónssyni, Hreini Þorsteini Garðarsyni, Matthíasi Þorbirni Guðmundssyni, Jörgen Jóni Hafsteini Sigurjónssyni, Guðmundi Andréssyni, Jóhanni Sigurði Eymundssyni og Ríkarði Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 26. október sl.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 11. mars 1977, „á hendur eftirtöldum mönnum:

1. Þorláki Þórarinssyni, skipstjóra, Hlíðargerði 35 í Kópavogi, fæddum 9. maí 1924 á Ísafirði.
2. Friðbirni Kristjánssyni, bryta, Kársnesbraut 97 í Kópavogi, fæddum 27. september 1939 í Reykjavík.
3. Gísla Hafliðasyni, yfirvélstjóra, Grænuhlíð 6 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. ágúst 1925.
4. Helga Ívarssyni, stýrimanni, Sléttahrauni 34 í Hafnarfirði, fæddum 19. mars 1948 í Reykjavík.
5. Jóhanni Páli Lilaa Símonarsyni, Gyðufelli 16 í Reykjavík, fæddum 11. apríl 1951 í Keflavík.
6. Þorsteini Bjarnasyni, bátsmanni, Fornhaga 17 í Reykjavík, fæddum þar í borg 19. maí 1946, og
7. Þorsteini Helga Magnússyni, loftskýtamanni, Asparfelli 4 í Reykjavík, fæddum þar í borg 19. maí 1946,  
— öllum skipverjum á m.s. Dettifossi við komu skipsins til Reykjavíkur 14. febrúar 1976 frá Hamborg, að undanskildum ákærða Þorsteini Helga, er var í frii í þeirri ferð.
8. Guðmundi Guðmundssyni, yfirverkstjóra, Lindarflöt 41 í Garða-kaupstað, fæddum 12. janúar 1926 í Reykjavík.

9. Ólafi Ólafssyni, aðstoðaryfirverkstjóra, Miðbraut 24 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 8. maí 1948 í Reykjavík.

10. Finnoga Gíslasyni, yfirverkstjóra, Barðaströnd 3 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 12. október 1933 á Akureyri.

11. Braga Sigurðssyni, verkstjóra, Eyjabakka 20, fæddum þar í borg 27. september 1927.

12. Guðmundi Guðlaugssyni, verkstjóra, Hofteigi 22, í Reykjavík, fæddum 3. ágúst 1931 að Stóra-Laugardal í Tálknafjarðarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

13. Gunnari Tómasi Jónssyni, verkstjóra, Hjarðarhaga 33 í Reykjavík, fæddum þar í borg 13. júní 1921.

14. Gunnari Sigurðssyni, verkstjóra, Melgerði 15 í Reykjavík, fæddum 19. desember 1933 að Brúarhrauni í Kolbeinstaðahreppi, Hnappadalssýslu.

15. Sigurði Kristni Eyjólfssyni, verkstjóra, Hjarðarhaga 11 í Reykjavík, fæddum þar í borg 12. júní 1933, og

16. Þorsteini Geirssyni, bifreiðarstjóra, Þórshamri í Seltjarnarneskaupstað, fæddum þar 25. júlí 1949, — öllum starfsmönnum útgerðarfélags skipsins, Eimskipafélags Íslands h.f., í vöruskálum félagsins í Reykjavík, og enn fremur

17. Júlíusi Sigurðssyni, pipulagningameistara, Njarðarholti 7 í Mosfellshreppi, fæddum 5. febrúar 1943 í Reykjavík.

18. Guðmundi Ásgeirssyni, framkvæmdastjóra Barðaströnd 4 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 17. september 1939 í Reykjavík.

19. Kristjáni Heimi Lárussyni, vinnuvélastjóra, Kársnesbraut 92 í Kópavogi, fæddum 5. febrúar 1935 í Reykjavík.

20. Magnúsi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra, Miðbraut 24 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 6. september 1946 í Reykjavík.

21. Daniel Péturssyni, flugmanni, Lindarflöt 39 í Garðakaupstað, fæddum 8. febrúar 1932 í Reykjavík.

22. Geir Marinó Jónssyni, verkstjóra, Goðatúni 15 í Garðakaupstað, fæddum 15. febrúar 1930 á Eskifirði.

23. Hreini Þorsteini Garðarssyni, deildarstjóra, Goðatúni 17 í Garðakaupstað, fæddum 4. maí 1929 í Reykjavík.

24. Matthíasi Þorbirni Guðmundssyni, verkstjóra, Hvannalundi 12 í Garðakaupstað, fæddum 10. september 1921 í Reykjavík.

25. Jörgen Jóni Hafsteini Sigurjónssyni, bifreiðarstjóra, Háaleitisbraut 43 í Reykjavík, fæddum þar í borg 12. nóvember 1935.

26. Guðmundi Andréssyni, sjónvarpssvirkja, Gaukshólum 2 í Reykjavík, fæddum 28. nóvember 1947 á Akureyri.

27. Jóhanni Sigurði Eymundssyni, kaupmanni, Víghólastíg 16 í Kópavogi, fæddum 3. september 1927 á Vatnseyri, og

28. Ríkarði Kristjánssyni, verkstjóra, Heiðvangi 74 í Hafnarfirði, fæddum 16. apríl 1926 í Reykjavík.

Málið er höfðað gegn öllum ákærðu fyrir sameiginlegt smygl á 29 litasjónvarpstækjum af tegundinni Nordmende 2202, er flutt voru til landsins í vörugámi utan farmskrár í áðurgreindri ferð skipsins, en að öðru leyti framið með þeim hætti, að í desember 1975 og janúar 1976 lögðu ákærðu auk X, sem nú er látinn, fram hver fyrir sig áætlað kaupverð slíks litasjónvarpstækis, um 1.420 vestur-þýsk mörk eða jafnvirði þess í öðrum erlendum gjaldeyri, nema ákærðu Gíslí Hafliðason og Jörge Jón Hafsteinn Sigurjónsson, sem saman lögðu fram andvirði eins sjónvarpstækis, og ákærði Kristján Heimír, sem lagði fram andvirði tveggja sjónvarpstækja, og þeir allir greiddu ýmist sjálfir beint til ákærða Þorláks Þórarínssonar eða til einhvers hinna meðákærðu, er þá kom greiðslunni áfram til Þorláks í því skyni, að hann annaðist kaup á tækjunum í Hamborg og kæmi þeim með aðstoð þeirra skipverja, sem meðákærðir eru og með skipinu voru, fyrir í vörugámi, er fluttur yrði með skipinu hingað til lands utan farmskrár og eigi yrði tilgreindur eða til hans sagt við tollafgreiðslu skipsins, en hinir ákærðu starfsmenn skipafélagsins í landi skyldu annast uppskipun hans samkvæmt ábendingu hinna ákærðu skipverja, viðtöku á vöruafgreiðslusvæði skipafélagsins í Reykjavík, losun hans og afhendingu tækjanna þaðan til hvers hinna ákærðu án tollafgreiðslu. Að smygli sjónvarpstækjanna var að öllu leyti staðið með framangreindum hætti, og tækin voru komin í vörslur og notkun hjá öllum hinum ákærðu fáum dögum eftir komu skipsins til Reykjavíkur, og stóð svo þar til í október 1976, að sjónvarpstækin voru undir rannsókn málsins tekin í vörslur lögreglu.

Brot ákærðu teljast varða við 1. og 3. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít nr. 59/1969, brot ákærða Þorláks Þórarínssonar auk þess við 69. gr. og hinna ákærðu starfsmanna skipafélagsins einnig við 70. gr., sbr. 71. gr. sömu laga, sbr. einnig lög nr. 66/1973 og nú lög nr. 71/1976 um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og hver fyrir sig að undanskildum ákærða Gíslí Hafliðasyni til þess samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít að sæta upptöku á sínu sjónvarpstæki og ákærði Kristján Heimír á tveimur sjónvarpstækjum. Sjónvarpstæki X verði gert upptækt samkvæmt 5. mgr. 72. gr. sömu laga.”

Haustið 1975 kom til tals meðal nokkurra ákærðu, sem unnu við Reykjavíkurhöfn, að festa kaup á litasjónvarpstækjum erlendis, fá einhvern sjómann til að annast það og smygla tækjunum til landsins. Ástæðan fyrir

Þessum bollaleggingum var sú ákvörðun stjórnvalda að banna innflutning á slíkum tækjum, að sögn ákærðu. Þeim gekk ekki til gróðavonin. Ákærði Þorlákur kom fljótlega inn í málið svo og þeir í hópi ákærðu, sem unnu við Sundahöfn, en venja var, að m/s Dettifoss væri afgreiddur þar, og var því atbeina starfsmanna þar þörf. Einnig komust inn í þessa fyrirætlun fleiri aðilar, sem ekki störfuðu hjá skipafélaginu. Í framhaldi af þessu voru tækin keypt í Hamborg, flutt til landsins, skipað á land og flutt af hafnar-svæðinu til þeirra, sem málið var höfðað gegn.

Ákærðu Þorlákur, Guðmundur Guðmundsson, Ólafur og Finnbogí „skiptu með sér“ tækjunum eða voru eins konar tenglar, sem sáu um frekari dreifingu þeirra á meðal ákærðu.

Á vegum ákærða Þorláks voru þannig 10 tæki, sem fóru til hans sjálfs, ákærða Friðbjörns, ákærða Gísla, sem lét það ganga til Jørgens, Helga, Jóhanns Páls, Þorsteins Bjarnasonar, Þorsteins Helga, Jóhanns, Ríkarðs og Guðmundar Andrésónar.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson hafði með 5 tæki að gera, eitt fyrir sig og hin fyrir ákærðu Daniel, Geir Marínó, Hrein Þorstein og Matthías Þorbjörn.

Tækin, sem voru á vegum ákærða Ólafs, voru 9 og fóru til hans sjálfs og ákærðu Braga, Gunnars Tómasar, Þorsteins Geirssonar, X, Júlíusar, Kristjáns Heimis (2) og Magnúsar.

Ákærði Finnbogí sá um 5 tæki fyrir sig og ákærðu Guðmund Guðlaugs-son, Gunnar Sigurðsson, Sigurð Kristín og Guðmund Ásgeirsson.

Við rannsókn málsins var lagt hald á öll ofangreind tæki, sem búið var að dreifa til allra ákærðu.

Með bréfi, dagsettu 13. september 1976, fól ríkissaksóknari yfirsakadóm-ara rannsókn ofangreinds innflutnings. Bréfi hans fylgdi skýrsla lögreglu-mannanna Hilmars Þorbjörnssonar og Edvarðs Skúlasonar í lögreglulíði Reykjavíkur. Lögreglumennirnir höfðu sama dag gefið skýrslur sem vitni í sakadómi Keflavíkur, sem háður var að Fornhaga 13 hér í borg. Enn fremur var ákærði Þorlákur sama dag úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum. Var sá úrskurður kveðinn upp í sakadómi Keflavíkur, sem háður var á Keflavíkurflugvelli. Nokkrum dögum síðar, eða 20. s. m., hófust aðgerðir á vegum bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði, Garða-kaupstað og Seltjarnarnesi í máli þessu. Gögnin frá tveimur ofangreindum bæjarfógetaembættum voru send til Reykjavíkur, og sá sakadómara-embættið síðan um rannsókn málsins. Í þágu rannsóknarinnar voru sendir menn bæði til Sambandslýðveldisins Þýskaland og Bandaríkja Ameríku.

Framan af rannsókninni neituðu ákærðu sakargiftum, og komst ekki verulegt skrið á rannsóknina fyrr en gögnin, sem aflað var erlendis, lágu fyrir.

Ekki er talið nauðsynlegt að rekja rannsóknina lið fyrir lið, heldur verða lokaframburðir ákærðu aðeins raktir efnislega, nema annað þyki nauðsynlegt.

Ákærði Þorlákur Þórarinsson neitaði lengi vel öllum sakargiftum, og þykir rétt að rekja gang rannsóknar, að því er hann varðar, nokkuð.

12. september 1976 var ákærði upphaflega yfirheyrður í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Keflavík/Grindavík/Gullbringusýslu af Hauki Matthíasi Guðmundssyni, þáverandi rannsóknarlögreglumanni. Þá neitaði ákærði öllum sakargiftum. Næsta dag var þingað í sakadómi Keflavíkur yfir ákærða, sem enn neitaði sakargiftum. Í lok þinghaldsins var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum. 5. október s. á. var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Ákærði neitaði þá sem fyrr.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 13. október s. á. hélt ákærði enn fast við þann framburð sinn, að hann hefði engan þátt átt í að smygla sjónvarpstækjum hingað til landsins á næstliðnum vetri. Í lok þinghaldsins var gæsluvarðhald ákærða framlengt um allt að 20 dögum. Í dóminum 20. s. m. rakti rannsóknardómarinn í stuttu máli gang rannsóknarinnar. Þá skýrði ákærði svo frá, að í byrjun desember 1975 hafi verið rætt um það milli hans og ákærðu Jóhanns Páls Simonarsonar, Þorsteins Magnússonar og Þorstines Bjarnasonar að reyna að komast yfir litasjónvarpstæki, þar sem erfitt væri að fá þau á Íslandi. Ákærði sagðist ekki vita nógu vel, hvað skeði í landi, til að geta greint frá því að svo stöddu. Sömuleiðis sagðist ákærði ekki vera tilbúinn til að skýra frá nöfnum annarra þeirra, sem þátt tóku í viðræðunum um þetta.

Ákærði kvaðst hafa rætt við Per Skog, skipshöndlara í Hamborg, og taldi, að það kynni að hafa verið í fyrstu ferð Dettifoss 1976, en var ekki viss.

Ákærði pantaði hjá Per Skog 28 litasjónvarpstæki af Nordmende gerð 20 - 22" að stærð. Öll voru þau eins. Ákærði greiddi megnið af tækjunum til Per Skog sjálfs, en einn eða tveir skipverjar greiddu sín tæki sjálfir.

Ákærði færðist undan að svara því, hvaða aðilar létu hann fá peninga til kaupa á litasjónvarpstækjum, en nefndi þó Þorstein Magnússon, Þorstein Bjarnason, Jóhann Pál Simonarson, Friðbjörn Kristjánsson bryta og Helga Ívarsson stýrimann. Aðrir af áhöfn m/s Dettifoss hafi engan þátt átt í þessu athæfi þeirra félaga, og taldi hann, að þeir hafi ekkert um málið vitað.

Ákærði sagði Per Skog hafa komið með litasjónvarpstækin í sendiferða-bifreið á bryggju og lét ásamt ákærða og Þorsteini Bjarnasyni tækin inn í hvítan gám af A gerð, ca 10 feta langan. Ákærði taldi, að öll tækin 28 hafi verið sett í gáminn á bryggjunni, áður en hann var settur um borð.

Gámurinn var síðan hífður ofan í 1. lest, þ. e. fremri lestina. Ekki mundi ákærði, hvernig honum var lokað.

Varðandi reikninga þá, sem útbúnir voru yfir viðskipti þeirra Per Skog um litasjónvarpstækin, þá sá ákærði aldrei neina reikninga í því sambandi. Hann greiddi Skog umsamið verð og fékk enga kvittun fyrir. Ef nöfn væru á þeim reikningum, sem Per Skog lét af hendi við tollyfirvöld í Hamborg, þá væru þau nöfn skrifuð út í bláinn af honum sjálfum, því ákærði gaf honum engin nöfn upp.

Í dómnum næsta dag skýrði ákærði svo frá, að Ríkarður Kristjánsson, verkstjóri í Straumsvík, flutningadeild, Jóhann, kaupmaður í versluninni Drifu, Vighólastíg 16, Kópavogi, og Kai, skrifari hjá Eimskip hér í Reykjavík, hafi einnig fengið hjá sér eitt tæki hver. Að öðru leyti kvaðst hann lítið vita, hvað varð um hin tækin, en vísaði á Guðna, verkstjóra í Sundahöfn hjá Eimskip.

Ákærði viðurkenndi, að Ólafur, verkstjóri í Faxaskála, hafi látið sig fá gjaldeyri, sem svari til innkaupsverðs 19 sjónvarpstækja, eða ca 25.000 DM, öðrum hvorum megin við sl. áramót. Ólafur nefndi engin nöfn, enda vildi ákærði engin nöfn vita. Er til Reykjavíkur kom, lagðist skipað að í Sundahöfn, og kom þá Guðni, verkstjórinn, um borð og spurði ákærða um litatækin og hvar þau væru í skipinu. Skýrði ákærði honum frá því. Jafnframt var Guðna skýrt frá hlutdeild skipverja.

Ákærði gaf Guðna upp nöfn nokkurra þeirra, sem þá áttu tæki, og voru nöfnin þessi: Friðbjörn Kristjánsson, Helgi Ívarsson, Þorsteinn Bjarnason, Þorsteinn Magnússon og e. t. v. Jóhann Simonarson. Þá bað ákærði Guðna um að koma 3 eða 4 tækjum heim til sín, og komu tækin annað hvort samdægurs eða daginn eftir. Ólafur verkstjóri og ókunnugur maður komu með tækin.

Ákærði neitaði því, að gámur sá, sem notaður var undir litasjónvarpstækin á heimleiðinni, hafi verið fluttur frá Reykjavík til Hamborgar. Hið sanna væri, að hann hafi fengið hann að láni hjá manni að nafni Fress Kühn, sem ynni við talningu á vörum fyrir Eimskip. Ákærði fékk gáminn lánaðan með því að segja, að í hann ættu að fara vörur og dót fyrir Eimskip. Ekki var gámur þessi færður á neinar farmskrár eða skipsskjöl.

Ekki varð ákærði var við, að tollverðir bæru saman fjölda gáma í skipinu saman við lista yfir gáma, enda oft óhægt um vik eða með öllu ómögulegt að komast að gámum niðri í skipinu, hvað þá að telja þá, því þeir séu á öllum dekkjum.

Ákærði hafði ekki orðið var við, að tollverðir teldu gáma almennt og bæru saman fjölda þeirra við lista, er þeim er skipað upp, en þó komi það fyrir.

Er ákærði kom fyrir dóm 26. s. m., sagði hann það vera rétt, sem fram

hefði komið hjá Ólafi Ólafssyni verkstjóra, að tækin hefðu verið 29, en ekki 28. Í gáminn fóru 29, og ráðstafaði Ólafur 19 og ákærði 10 tækjum. Guðmundur Andrésson útvarpsvirki afhenti ákærða, áður en lagt var í ferðina, gjaldeyri, sem samsvaraði DM 1.225 til að kaupa sjónvarpstæki að Nordmende gerð með 20 þumlunga skermi. Ákærði fékk því heim 5 tæki. Kom Guðmundur samdægurs og sótti sitt tæki.

Ákærði Friðbjörn Kristjánsson hefur skýrt svo frá, að einhvern tíma í janúar eða febrúar 1976 hafi Þorlákur Þórarinsson komið að máli við ákærða um borð í Dettifossi og boðið honum litasjónvarpstæki til kaups. Ákærði þáði það, og greiddi hann Þorláki um 1.428 DM. Ákærði kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, hvernig Þorlákur útvegaði tækið eða hvernig það kom um borð eða hvernig því var komið í land hér heima. Ákærði taldi sig ekki muna betur en að tækið hafi verið flutt heim til hans sama dag og skipið kom til landsins eða daginn eftir. Gerðu það tveir ókunnugir menn, milli tvitugs og þritugs. Ákærði kvaðst vilja leggja áherslu á, að hlutur hans í málinu hafi aðeins verið sá að leggja fram peninga fyrir einu tæki. Ákærði kvaðst ekki hafa séð tækið koma um borð, ekki fara frá borði og vissi ekki fyrr en tækinu var ekið heim til hans.

Ákærði Gísli Hafliðason hefur kannast við að hafa haft milligöngu um, að eitt litasjónvarpstæki var keypt í Hamborg, flutt heim til hans og síðan afhent ákærða Jörgen Jóni Hafsteini Sigurjónssyni. Jörgen hafði, að sögn Gísla, beðið hann að kaupa fyrir sig slíkt tæki í Hamborg, flytja heim og gefa upp til tollsins. Þorlákur bauðst til að útvega ákærða tæki á verk-smiðjuverði. Ákærði kvaðst eigi hafa efni á því, en datt í hug að láta Jörgen ganga inn í þau kaup, og greiddi hann til Gísla fjárhæð tækisins, sem átti að kosta um 1.400 DM. Jörgen greiddi kaupverðið í margs konar mynt, og afhenti Gísli Þorláki féð. Ákærði kvaðst eigi hafa verið skipverji á m/s Dettifossi í smygferðinni. Þegar tækið kom til landsins, hringdi Þorlákur í Gísla og sagði honum, að tækið hefði „sloppið í gegnum tollinn, og var svo látið standa,“ en ákærði kvaðst ekki hafa óskað eftir öðru en að tækið yrði sett á pakkalista. Tækinu var síðan ekið heim til ákærða í sendibifreið af ókunnugum manni, sem ákærði frétti síðar, að hafi verið Ólafur Ólafsson. Jörgen kom samdægurs og sótti tækið heim til Gísla.

Ákærði Helgi Ívarsson hefur skýrt svo frá, að einhvern tíma síðari hluta ársins 1975 hafi þeir Þorlákur Þórarinsson ræðst við um hugsanlegt smygl á litasjónvarpstækjum. Bauð Þorlákur ákærða að taka þátt í smyglinu, og eftir að hann hafði hugsað málið, ákvað hann að vera með. Rætt var um að smygla tækjunum í gámi, og var svo gert í annarri ferð m/sa Dettifoss 1976. Ákærði nafngreindi Þorlák, Jóhann Pál, Þorstein Bjarnason, Þorstein Magnússon, Friðbjörn Kristjánsson og Gísli Hafliðason sem aðra þátttakendur í smyglinu, sem honum væri kunnugt um. Ákærði greiddi

Þorláki fyrir tækið með DM 1.200 eða 1.400. Tækin voru keypt hjá Per Olaf Skog, skipshöndlara í Hamborg. Ekki hafði ákærði nein afskipti af þeim viðskiptum sjálfur, þ. e. greiðslu eða móttöku tækjanna. Ákærði taldi, að tækin hefðu verið sett í gám á bryggjunni, sem Dettifoss lá við, þó ekki við skipshlið, heldur dálítið frá skipinu og við vörugeymslu, sem er þarna. Ekki vissi ákærði um útvegum gámsins, en taldi slíkt auðvelt. Ákærði kvaðst fyrst ekki muna, hvaða gerð af gámi var notuð eða hvar hann var hafður á skipinu. Eftir að honum var bent á framburð Guðna Sigþórssonar verkstjóra um annað í þeim efnun, kvaðst ákærði ekki mót-mæla þeim framburði. Guðni hafði borið, að hann hefði umrætt sinn verið að vinna við affermingu skipsins, er ákærði Helgi kom til hans. Helgi sagði Guðna, að nú væru tækin um borð og væru þau í hvítum 10A feta löngum gámi, sem stýrimaðurinn visaði honum á í eitt lestinni. Var gámurinn á efsta þilfari lestarinnar. Guðni sagði Helga, að sér kæmi þetta ekki við, og slitu þeir samtalinu. Ákærði Helgi kvaðst ekki hafa fylgst með, hvað varð um gáminn, eftir að hann fór frá borði. Fljótlega eftir að ákærði kom heim til sín, kom Ólafur Ólafsson verkstjóri heim til ákærða með hans litatæki, og tók kona ákærða á móti því. Ákærði vissi, að auk Ólafs var Finn-bogi Gíslason verkstjóri aðili að málinu.

Ákærði Jóhann Páll Lilaa Símonarson kvað tækjunum hafa verið smyglað til landsins í 2. ferð skipsins árið 1976. Nokkrum ferðum áður kom Þorlákur að máli við ákærða og kvaðst vera kominn í samband við aðilja um kaup á litasjónvarpstækjum í Hamborg, sem smygla ætti til landsins, og spurði hann ákærða, hvort hann vildi kaupa eitt slíkt tæki. Ákærði játti því. Bar þetta að með þeim hætti, að er skipið var stöð í Reykjavík, kallaði Þorlákur ákærða og Þorstein Bjarnason bátsmann inn í káetu sína. Þar bauð Þorlákur þeim að vera með og hafði á orði, að tækin yrðu flutt í land í gámi og hann hefði aðilja í landi, sem sæju um afgreiðslu á gáminum, þegar hann væri kominn í land.

Ákærði kvaðst minnst þess, þegar skipið kom til Hamborgar í umræddri ferð, að Þorsteinn hafi haft á orði, að hann væri að fara til að taka á móti sjónvörpunum uppi á bryggjunni. Skipið hafði komið með tóman gám, sem Þorlákur útvegaði, og var hann hífður upp á bryggju í Hamborg af starfsmönnum hafnarinnar. Síðdegis kom Per Skog, skipshöndlari í Hamborg, með tækin að skipshlið í sendibifreið. Kom Per Skog nokkrar ferðir á bifreiðinni með tæki. Tækin voru sett í gáminn á bryggjunni, en ákærði var ekki viðstaddur og vissi ekki, hve mörg tæki fóru í gáminn á bryggjunni. Þorsteinn Bjarnason var viðstaddur hleðsluna. Ákærði taldi þá tvo eina af skipverjunum vita um smyglið ásamt Þorláki. Gámurinn var síðan hífður um borð og settur í 2. lestina. Þar var bætt í hann fleiri tækjum, sem hífð voru um borð á vörubretti. Ákærði hjálpaði

Þorsteini við að setja þau tæki í gáminn, en Þorlákur kom þar hvergi nálægt. Ákærði sagði, að komið hefði með þessum hætti um borð eitt og hálf vörubretti. Ekki vissi ákærði, hve tækin voru mörg. Gámurinn var ekki fullur og hefðu komist í hann fleiri tæki. Að lokum innsiglaði Þorsteinn gáminn. Þegar Dettifoss var kominn í Sundahöfn, var gámurinn settur inn í eystri skemmuna hjá Eimskip, en ákærði vissi ekki, hvað um hann varð. Ákærði sótti síðar sitt tæki heim til Þorláks, en mundi ekki, hvort það var í þessari landvist eða þeirri næstu.

Ákærði Þorsteinn Bjarnason hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið í frii í jólaferð m/s Dettifoss. Er ákærði kom aftur á skipið, bauð Þorlákur Þórarinsson honum, er þeir voru staddir um borð í skipinu, sem lá í Sundahöfn, að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki. Ákærða skildist á Þorláki, að hugmyndin væri að kaupa eitthvert magn af þeim. Ekki gat ákærði tilgreint, í hvaða ferð skipsins tækin voru keypt. Hitt mundi ákærði, að Þorlákur var skipstjóri í ferðinni og Helgi Ívarsson 1. stýrimaður. Á brottfarardegi skipsins í Hamborg kom Per Skog skipshöndlari með tækin að skipshlið í sendibifreið. Ákærði tók á móti tækjunum þarna á bryggjunni ásamt Þorláki. Voru þeir það langt frá skipinu, að það sást ekki þaðan, er þeir tveir tóku tækin úr bifreiðinni og settu í gám. Þorlákur hafði áður bedið ákærða að hjálpa sér við að koma tækjunum fyrir í gánum. Ekki vissi ákærði, hvernig Þorlákur útvegaði gáminn. Per Skog þurfti að fara tvær ferðir til að sækja tæki og setja í gáminn. Tækin voru alls 28. Áður en tækin voru sett í gáminn, hafði ákærði fengið Þorláki DM 1.400 sem greiðslu fyrir sitt tæki. Ekki var ákærða kunnugt, hvort Þorlákur lokaði og læsti gáminum, eftir að tækin voru komin í hann. Ákærði mundi, að strákur á lyftara ók gánum að skipshlið, og var hann hífður ofan í 2. lest skipsins. Ákærði vissi síðan ekki um framvindu mála, eftir að skipið var lagst að bryggju í Sundahöfn, t. d. með hvaða hætti gámurinn komst í land. Þorlákur hafði tjáð ákærða, að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að koma tækinu í land. Þorlákur ætlaði að sjá um það og láta aka tækinu heim til ákærða. Tveim dögum seinna komu tveir menn á vörubifreið heim til ákærða með tækið.

Ákærði Þorsteinn Helgi Magnússon hefur kannast við að hafa átt þátt í að smygla til landsins einu litasjónvarpstæki af Nordmende gerð. Mála-vextir voru þeir, að í jólaferð m/s Dettifoss til Felixstowe og Hamborgar, sem hófst frá Reykjavík 19. desember, kom Þorlákur, þáverandi skipstjóri á skipinu, að máli við ákærða, er skipið var í Hamborg, og spurði, hvort ákærði vildi vera með í að kaupa litasjónvarpstæki. Ákærði sló til, er hann sá, hve tilbúið var freistandi, enda sagði Þorlákur, að ákærði þyrfti ekki að hugsa um að koma tækinu í land, hann mundi sjá um það atriði. Ákærði sá nafnalista hjá Þorláki, og sýndist ákærða vera á honum 7 - 8 nöfn.

Ákærði sá þarna nöfn Þorsteins Bjarnasonar bátsmanns og Jóhanns Páls háseta. Þorlákur skrifaði nafn ákærða á listann. Ekkert skeði meira í málinu fyrr en 27. janúar, er Þorlákur bað ákærða að greiða tækið, sem hann mundi kaupa í næstu ferð, sem hófst frá Reykjavík samdægurs. Ákærði kom um borð rétt fyrir brottför og greiddi Þorláki í dollurum og mörkum kaupverðið, 1.400 DM. Ákærða var kunnugt, að Þorlákur ætlaði að kaupa tækin hjá Per Skog í Hamborg, a. m. k. hafði hann orð á því. Ákærði var í frí þessa ferð skipsins svo og þá næstu. Um var talað, að tækinu yrði komið í bilskúr hjá foreldrum ákærða. Þar var tækið komið, er ákærði kom þangað í heimsókn 28. febrúar.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að hann og ákærði Ólafur hafi rætt um sín á milli að fá keypt erlendis litasjónvarpstæki og flytja þau til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda. Í upphafi var aðeins rætt um fá tæki, og var strax talað um að flytja þau í gámi með öðru dóti. Ákærði Guðmundur hafði einn tal af ákærða Þorláki, sennilega haustið 1975, í september-október, niður við Reykjavíkurhöfn. Í ljós kom, að Þorlákur var sama sinnis og tók vel í hugmynd Ólafs. Fljótlega var komið á fundi með þeim þremmingum, þ. e. Guðmundi, Þorláki og Ólafi, þar sem málið var undirbúið. Þorlákur tók að sér að kanna verð í Hamborg, bæði í verslun og hjá firmanu Skog Export. Útvegaðir voru myndaþæklingar og ákveðið síðan að kaupa tæki af Nordmende gerð á 1.350 DM. Rætt var um, að nauðsynlegt væri að fá liðsinni verkstjóra í Sundahöfn, þar eð m/s Dettifoss legðist alltaf þar að bryggju og ekki hægt að meðhöndla gám með smyglvarningi án aðstoðar þeirra. Guðmund minnti, að hann hefði fyrst talað við ákærða Finnþoga Gíslason. Finnþogi tók vel í þetta, og vissi Guðmundur til þess, að hann fékk aðra verkstjóra til liðs við sig og bauð þeim jafnframt þátttöku. Guðmundur nefndi í þessu sambandi verkstjórana ákærðu Sigurð Eyjólfsson, Guðmund Guðlaugsson og Gunnar Sigurðsson. Finnþogi og Ólafur sáu einir um samskiptin við þá. Guðmundur gat þess einnig, að ákærðu, verkstjórnir, Bragi Sigurðsson og Gunnar Tómas Jónsson hafi komið snemma inn í málið, þ. e. inn í umdirbúninginn. Einnig vissi Guðmundur til þess, að X heitinn fékk tæki, en hann var ekki með í umdirbúningnum.

Fljótlega var ljóst, að mikill áhugi væri á kaupum á litasjónvarpstækjum og þurfa þyrfti heilan gám til innflutningsins. Guðmundur bauð nokkrum aðiljum að kaupa tæki, þ. e. ákærðu Daniel Péturssyni, Hreini Þorsteini Garðarssyni, Matthíasi Þorbirni Guðmundssyni, bróður Guðmundar, og Geir Marínó Jónssyni, sem var á vegum ákærða Hreins Þorsteins. Hinir verkstjórnir buðu öðrum aðiljum að kaupa fyrir þá tæki. Allir áttu að greiða sama verð, eða um 1.350 DM, og skyldi greiðslan fara fram í erlendri mynt. Ákærði taldi ekki rétt hjá bróður sínum, að hann hefði greitt í ís-

lenskum gjaldeyri. Hann hefði látið í té erlendan gjaldeyri í margs konar mynt, en þar sem hann dugði ekki til, lét ákærði honum í té nokkar £ 5-seðla. Þeir fimm aðiljar „sem í kringum” ákærða stóðu, greiddu honum sitt kaupverð, sem hann afhenti síðan ákærða Ólafi skömmu fyrir áramótin 1976 - 1977, er ákærðu Guðmundur og Finnbogi voru á förum til Kanaríeyja. Ólafur kom fénu til ákærða Þorláks.

Er ákærði Guðmundur kom heim úr leyfinu í febrúarbyrjun, var von á tækjunum með m/s Dettifossi. Voru þau flutt til landsins í gámi, eins og rætt hafði verið um. Ekki vissi ákærði Guðmundur, hvernig gámurinn var fenginn, en venja væri að flytja út í hverri ferð 50 - 100 tóma gáma, sem notaðir voru undir varning á heimleið. Ákærði Guðmundur sagði starfssvið sitt vera niður við Reykjavíkurhöfn og því hefði hann ekki verið staddur í Sundahöfn, er skipið kom þangað. Ákærði kvaðst ekki vita annað en að verkstjórnarnir þar innfrá hefðu séð um að taka á móti gámnum og flytja inn í portið.

Ákærði Guðmundur útvegaði sendibil hjá Matthíasi bróður sínum, sem var í eigu Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Taldi Guðmundur, að þetta hefði verið daginn eftir komu skipsins. Ákærði Ólafur fékk bilinn, sótti tækin í gáminn og dreifði þeim. Eitthvað um 20 tæki tilheyrðu „verkstjórahopnum,” en auk þess var ákærði Þorlákur með eitthvað af tækjum á sínum vegum, sennilega alls um 28. Er ákærði kom heim umræddan dag, var sendibillinn þar fyrir utan og í honum fimm tæki á snærum ákærða, sem hann flutti til „sinna aðilja,” m. a. til bróður síns, Matthíasar Þorbjörns. Guðmundur taldi, að Matthíasi hafi verið ókunnugt um, til hvers bifreiðin var notuð umrætt sinn, þótt hann hefði góðfúslega lánað hana.

Ákærði Ólafur Ólafsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um mánadamótin október - nóvember 1975, að nokkrir vinnufélagar hjá Eimskipafélagi Íslands h/f hafi farið að bollaleggja lauslega og síðan komið sér saman um að festa kaup á litasjónvarpstækjum erlendis og fá einhvern sjómann til að flytja þau til landsins. Ekki stafaði þetta af gróðavoninni, heldur af nýjungagirni og hin raunverulega ákvörðunarástæða hafi verið innflutningsbann á litasjónvarpstækjum á þessum tíma. Þeir, sem voru með í að hugleidda og skipuleggja þetta auk ákærða, voru ákærði Finnbogi Gíslason, yfirverkstjóri í Sundahöfn, ákærði Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri í Faxaskála, ákærði Gunnar Jónsson, verkstjóri í Faxaskála, ákærði Bragi Sigurðsson verkstjóri og X verkamaður. Snemma kom fram, að vænlegast væri að flytja tækin í gámi til landsins, enda höfðu þeir góða aðstöðu sem yfirmenn að láta flytja gáminn þangað sem þeir vildu, eftir að hann var kominn í land. Ákærði taldi áhættuna af þessu ekki mjög mikla, þar sem lítið eftirlit væri með varningi, sem í gámum kæmi, ekki væri einu sinni talið upp úr skipum. Eftir athugun kom í ljós, að heppileg-

ast yrði að kaupa tæki af gerðinni Nordmende 2202, með 22 þumlunga skjá. „Fljótlega kom helst til greina að tala við ákærða Þorlák Þórarinsson. Ákærði Ólafur og meðákærðu Guðmundur Guðmundsson og Finnbogi „fengu“ ákærða Þorlák til að koma á skrifstofu yfirverkstjóra í Faxaskála, „þar sem málið var lagt fyrir hann“. Ákærði Þorlákur féllst á að kaupa tækin í Hamborg í einni af ferðum m/s Dettifoss. Rætt var um að fá gám frá útgerðarfélaginu í Hamborg og setja tækin í hann. Þá var ekki vel ljóst, hve mörg tækin yrðu. Ákærði Þorlákur tók að sér að kynna sér verðið hjá Skog Export í Hamborg og undirbúa kaupin þaðan, ef það yrði vænlegt.

Í fyrstu ferð m/s Dettifoss í janúar 1976 afhenti ákærði Ólafur ákærða Þorláki erlendan gjaldeyri fyrir 19 tækjum fyrir jafnmarga aðilja. Um var að ræða 19 menn, sem einhver af verkstjórnum þekktu, og buðu þeir mönnum að vera með í að kaupa tæki, ef þeir legðu sjálfir til erlendan gjaldeyri, en þá lá verðið fyrir, hvert tæki átti að kosta DM 1.450 eða 1.480. Ákærði veitti öllum gjaldeyri viðtöku úr hendi ákærðu Guðmundar Guðmundssonar og Finnboga Gíslasonar auk þess sem einstakir aðiljar greiddu hver fyrir sig. Allir peningarnir, sem ákærði tók á móti, voru í erlendri mynt, ýmist þýskri eða annarri eða „allt frá færeyskum krónum og að þýskum mörkum.“ Ákærði Ólafur kvaðst hafa séð um að kaupa tæki fyrir ákærða Magnús Gunnarsson og ákærða Kristján Heimi Lárusson.

Er m/s Dettifoss kom úr þessari ferð frá Hamborg, komu tækin ekki með, en von var á tækjunum í næstu ferð, snemma í febrúar. Er skipið kom til Sundahafnar í febrúar, var ákærði búinn að fá frá Hamborg óundirritað bréf, þar sem getið var um staðsetningu gámsins á skipinu og númer hans. Ákærði talaði við Guðna Sigþórsson skipaverkstjóra um að láta flytja gáminn upp á bryggju og flytja hann á svæði fyrir eldfima gáma innan girðingar á athafnasvæðinu. Guðni hafði afþakkað að vera þátttakandi í smyglinu, en ákærði taldi hann vita, hvað var á seyði.

Síðdegis laugardaginn 14. febrúar fékk ákærði Ólafur lánaðan sendibíl, sem Bæjarútgerð Reykjavíkur átti og ákærði Guðmundur Guðmundsson hafði milligöngu um að útvega hjá bófoður sínum, ákærða Matthíasi, verkstjóra hjá BÚR. Ákærði fór tvær ferðir á bifreiðinni til að sækja tækin í gáminn. Þá var verið að vinna innan girðingar athafnasvæðisins og sennilega í báðum skálunum. Ákærði var í skjóli við gáma, sem innihéldu eldfim efni, og gat því athafnað sig óséður. Ákærði var einn við flutningana, enda aðrir verkstjórar að vinna. Ákærði hafði fengið frí hjá ákærða Guðmundi Guðmundssyni til að annast þetta. Í fyrri ferðinni fór ákærði með tækin á verkstæði ákærða Kristjáns Heimis í Kópavogi. Kristján Heimir hafði áður lánað ákærða lykllana. Ákærði fór seinni ferðina í beinu framhaldi.

Ákærði Ólafur var með miða frá ákærða Þorláki með nöfnum þeirra,

sem áttu að fá tækin 10, sem ákærði Þorlákur hafði með að gera. Samkvæmt listanum áttu 5 - 6 tæki að fara heim til Þorláks og 4 - 5 tæki á ýmis heimilisföng. Ákærði Ólafur fór einnig með nokkur tæki heim til ákærða Finnboga, tvö heim til sín, tvö til ákærða Braga Sigurðssonar, eitt heim til X heitins, eitt til ákærða Gunnars Jónssonar og eitt tæki til ákærða Þorsteins Geirssonar. Er ákærði skilaði sendibílnum heim til ákærða Matthíasar, voru eftir í bílnum 4 - 5 tæki, sem tilheyrðu ákærða Guðmundi. Ákærði taldi líklegt, að fimm tæki hefðu farið til ákærða Finnboga, og vissi ákærði, að verkstjórar í skálanum í Sundahöfn, ákærðu Sigurður Eyjólfsson, Guðmundur Guðlaugsson og Gunnar Sigurðsson, áttu að fá tæki. Ákærða var ókunnugt um, hver átti að fá eitt tækið.

Loks hefur ákærði Ólafur skýrt svo frá, að hann og vinnufélagar hans hafi hlotið eins konar dóm hjá vinnuveitanda, því þeir hafi verið reknir úr starfi.

Ákærði Finnbogi Gislason hefur skýrt svo frá, að ákærðu Guðmundur og Ólafur, annar eða báðir, hafi boðið sér að vera með í innkaupum á litasjónvarpstækjum, sem kaupa átti í Hamborg. Skömmu eftir áramótin 1975/1976 ræddu þeir um að smygla til landsins tækjunum með m/s Dettifossi, og átti ákærði Þorlákur Þórarinsson skipstjóri að vera milligöngumaður um kaupin. Ákveðið var að nota gám undir tækin, og var það gert. Ákærði bauð síðan ákærðu Sigurði Kristni Eyjólfssyni, Guðmundi Guðlaugssyni og Gunnari Sigurðssyni, verkstjórum við Sundahöfn, og Guðmundi Ásgeirssyni forstjóra að vera með. Ákærði afhenti Ólafi peninga frá sér og ákærða Guðmundi Ásgeirssyni, eða 2 x 1.420 DM til kaupanna. Guðmundur greiddi peningana til Finnboga, áður en tækin voru keypt í Hamborg. Ákærði Finnbogi taldi, að ákærðu Sigurður Kristinn, Guðmundur Guðlaugsson og Gunnar hefðu greitt Ólafi andvirði sinna tækja.

Ákærði Finnbogi sagði, að m/s Dettifoss hefði í febrúarbyrjun komið með tækin, og lagðist skipið við bryggju í Sundahöfn samkvæmt venju. Ólafur vissi með einhverjum hætti, áður en skipið kom til landsins, um númerið á gámnum og gaf ákærða Finnboga það upp, áður en skipið lagðist að bryggju. Allir gámar úr skipinu voru fluttir í portið við Sundaskála 2 að austanverðu. Finnbogi skýrði Sigurði Kristni frá númeri gámsins, sem sjónvörpin voru í, og sagði honum að setja hann inn í portið, þar sem eldfima efnið væri geymt, en það er bæði í gámum og í öðrum umbúðum. Svæðið er í portinu við Sundaskála 2, nokkuð frá svæðinu, sem allir aðrir gámar úr skipinu voru settir. Ákærði Finnbogi kvaðst hafa gert þetta til að auðveldara væri að losa gáminn. Ákærði Finnbogi fól ákærða Sigurði Kristni, verkstjóra í Sundaskála 1, að koma gámnum á þennan stað í áður-greindum tilgangi. Finnbogi vissi ekki, hvenær gámurinn var losaður, en vissi, að vinna stóð þá yfir á svæðinu og að ákærði Ólafur annaðist það

einn eða með öðrum. Ólafur sá einnig um að flytja tækin til viðtakenda, m. a. 7 tæki til Finnboga. Ákærði Finnbogi var ekki heima, og lét Ólafur þau í bílskúrinn hjá honum. Tækin fóru til ákærðu Guðmundar Ásgeirssonar, Sigurðar Kristins, Gunnars Tómasar Jónssonar, Guðmundar Guðlaugssonar, Gunnars Sigurðssonar, Þorsteins Geirssonar og til Finnboga sjálfs. Finnbogi sá ekki um flutning á tækjunum frá sér. Guðmundur Ásgeirsson, Sigurður og Gunnar Sigurðsson sóttu sín tæki svo og Þorsteinn. Finnbogi taldi, að sá síðastgreindi hefði einnig sótt tækin fyrir Guðmund Guðlaugsson og Gunnar Tómas.

Ákærði Bragi Sigurðsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið skömmu eftir áramót 1975/1976, að ákærði Ólafur kom að máli við hann og bauð honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti til landsins. Ákærði var fús til þess, og varð niðurstaðan sú, að hann vildi fá tvö tæki, annað fyrir sig og hitt fyrir tengdason sinn, ákærða Júlíus Sigurðsson. Ákærði spurði ekki um, hvernig staðið yrði að smyglinu, og tjáði Ólafur honum ekkert um það atriði. Ákærði vissi þó, að kaupa átti tækin í Hamborg og hvert tæki mundi kosta gkr. 106.000—108.000. Júlíus lét ákærða hafa andvirði sins tækis í sænskri mynt, en ákærði greiddi sitt með dollurum og dönskum krónum. Ákærði bauð tengdasyninum að kaupa fyrir hann tæki og yrði að sjálfsögðu að smygla því til landsins. Ákærði kom síðan greiðslum fyrir bæði tækin til Ólafs. Nokkru síðar, eða í febrúar, komu tækin heim til ákærða. Þá var Bragi ekki heima, en hann taldi, að Ólafur hefði komið með þau.

Ákærði Guðmundur Guðlaugsson hefur skýrt svo frá, að ákærðu Finnbogi og Ólafur hafi komið að máli við hann skömmu fyrir jól og boðið honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti til landsins í flutningagámi með m/s Dettifossi. Hugmyndin var að kaupa tæki af Nordmende gerð og að verðið væri jafnvirði gkr. 120.000. Ákærði greiddi sitt tæki í þýskum mörkum og enskum pundum. Gámurinn kom svo til landsins í febrúarmánuði, og vissi ákærði ekki, hvernig það gekk fyrir sig, því hann tók ekki á móti honum og vissi ekki, hverjir önnuðust það. Ákærði Þorsteinn kom með tækið heim til ákærða að kvöldlagi á eigin bifreið. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um fjölda þeirra tækja, sem keypt voru í Hamborg, og heyrði enga tölu nefnda í því sambandi.

Ákærði Gunnar Tómas Jónsson hefur skýrt svo frá, að Ólafur verkstjóri hafi komið að máli við hann um áramót og boðið honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, „sem átti að flytja til landsins, án þess að þau hefðu viðkomu hjá tollgæslunni.“ Ákærði vissi um nokkra starfsmenn í Faxaskála, sem áttu að fá tæki, þ. e. ákærðu Braga, Þorstein, Finnboga og Guðmund Guðmundsson svo og X heitinn. Síðan var ákveðið að kaupa tæki af Normende gerð, og átti ákærði að greiða erlendan gjaldreyri fyrir,

sem jafngilti gkr. 91.000—92.000. Fjárhæðina greiddi ákærði í þýskum mörkum og dönskum krónum. Ákærði vissi ekki, með hvaða skipi né á hvern hátt tæki hans var svo smyglað til landsins. Ólafur kom heim til ákærða með tækið, er hann var sjálfur að vinna. Ákærði kvaðst vera ósáttur við atvikalýsingu í ákæru, þar sem hann hefði ekki lagt hönd að sjálfu smyglinu eða afhendingu tækjanna frá athafnasvæði, þó hann hafi hins vegar fallist á að kaupa tæki og hann hafi gert sér grein fyrir því, að flytja átti þau með ólögætum hætti, og lagði fyrirfram fé til að kaupa eitt tæki.

Ákærði Gunnar Sigurdsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í janúar-máduði 1976, að hann og ákærðu Ólafur, Guðmundur Guðlaugsson og Finnbogi Gíslason hafi rætt um að smygla litasjónvarpstækjum til landsins með m/s Dettifossi í gámi. Ákærði vissi, að ákærði Þorlákur ætlaði að annast innkaupin. Ákærði sagði, að það hefði komið fram í þessum viðræðum, að þægilegast væri að nota gám við smygl þetta, og var það gert. Ákærða minnti, að hann hefði verið við vinnu sína í Sundaskála, er Ólafur kom og bauð honum upphaflega þátttöku í að kaupa litasjónvarpstæki frá Þýskalandi, sem mundi verða smyglað til landins með m/s Dettifossi. Ákærði tók vel í þetta. Ólafur sagði, að hann yrði að greiða andvirðið í erlendri mynt, jafngildi gkr. um 80.000. Ákærði greiddi Ólafi um \$ 500. Er skipið kom, fylgdist ákærði ekkert með því, hvað var gert við gáminn með tækjunum. Ákærði gat þess, að hann heyrdi enga tölu nefnda um tækjafjölda, sem kaupa ætti. Ákærði sagði skipið hafa komið með tækin í febrúar. Ákærði var heima, er Þorsteinn Geirsson kom heim til hans með tækið, sem ákærði hlaut.

Ákærði Sigurdur Kristinn Eyjólfsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um áramótin 1975/1976 að ákærði Finnbogi kom að mali við hann og bauð honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti inn í gámi með m/s Dettifossi. Féllst ákærði á það og greiddi Finnboga \$ 556 til kaupanna. Ekki var ákærði Þorlákur nefndur, og vissi ákærði ekki, hver skyldi hafa milligöngu um kaup á tækjunum. Ekki mundi ákærði, hvenær tækin komu. Ákærði kannaðist við, að Finnbogi hefði beðið hann eftir komi skipsins að koma gáminum fyrir í portinu á milli Sundaskála 1 og 2, þar sem eldfim efni eru geymd. Finnbogi kom heim til ákærða með tæki, sem honum var ætlað, á eigin bifreið.

Ákærði Þorsteinn Geirsson hefur skýrt svo frá, að hlutur hans í málinu hafi verið mjög litill. Ákærði hafi reyndar ekki gert annað en að leggja fram erlendan gjaldeyri til kaupna á einu tæki, og hefur ákærði neitað eindregið, að hann hafi haft minnstu hugmynd um, að smygla ætti inn sameiginlega 29 litatækjum, hann hafi haldið þau aðeins vera 4—5. Ákærði sagði, að sér hafi verið gert ljóst fyrirfram, að hann kynni að vera að henda

peningum út um gluggann. Ákærði kvaðst síðan ekkert hafa heyrt um þetta í 2—3 mánuði, er honum var sagt, að hann mætti sækja tæki í skúr í Kópavogi, sem hann og gerði. Ákærði kvaðst ekki hafa haft nein afskipti af því að skipa upp gáminum eða flytja hann á athafnasvæðið. Á umræddum tíma var verksvið ákærða hjá skipafélaginu aðeins að aka starfsmönnum til og frá vinnustöðum félagsins, uppskipun, móttaka og afhending vara var alls ekki í hans verkahring.

Ákærði Þorsteinn sagði, að það hafi verið í desembermánuði, að ákærðu Ólafur, Gunnar, ákærði sjálfur svo og X heitinn ræddu um, að réttast væri að kaupa litatæki eitt hver. Ákveðið var, að Ólafur fengi einhvern skipstjóranna til að kaupa 4 tæki erlendis. Ekkert gerðist þó í málinu nokkra hríð, þar til Ólafur sagði ákærða í byrjun janúar, að hann ætti að greiða DM 1.420. Ákærði greiddi jafnvirði þeirra í mynt ýmissa landa. Um miðjan febrúar tjáði Finnbogi ákærða, að hans tæki væri komið og gæti hann sótt það heim til sín. Ákærði fór síðan og sótti tækið heim í bílskúr til Finnboga. Þar tók hann að sér að aka tveim öðrum tækjum í leiðinni heim til Guðmundar Guðlaugssonar og Gunnars Sigurðssonar. Ákærði vissi ekki til þess, að fleiri væru í málinu en þeir fjórir, sem hann nafngreindi fyrst. Ákærði var því mjög undrandi, er Finnbogi talaði við hann og bað hann að sækja til sín tæki, og ákærði komst þá að, að Guðmundur og Gunnar ættu einnig tæki í sendingunni. Ákærði vissi fyrst um, að tækin væru 30, eftir að blöð fóru að skrifa um málið. Kom það honum mjög á óvart. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað, með hvaða hætti tækin kæmu til landsins eða hvaða skidstjóri átti hlut að máli.

X heitinn, sem var til heimilis að . . . hér í borg, fæddur . . ., skýrði svo frá við lögreglu- og dómsrannsókn málsins, að það hafi verið fyrir jól, að starfsmenn í Faxaskála hafi komið sér saman um að kaupa tæki erlendis og fá til þess einhvern sjómann, „en tækjunum átti að koma til landsins á þægilegan máta,“ eins og það var orðað. X heitinn heyrði fljótlega, að rætt var um að fá Þorlák Þórarinsson á m/s Dettifossi til að kaupa tækin, en hann heyrði ekkert um, á hvern hátt það ætti að koma þeim til landsins. Ekki hafði hann látið sér detta í hug, að tækin yrðu eins mörg og honum var ljóst við yfirheyrslu, en þá var talan 19 nefnd. X heitinn greiddi Ólafi fyrir tækið í erlendri mynt, sem jafngilti DM 1.400 eða um gkr. 90.000. Tækið kom heim til X heitins á laugardegi í febrúar, er hann var að vinna. Mun Ólafur hafa komið með það, og tók systir X heitins við því.

Guðni Sigþórsson, verkstjóri um borð í skipum Eimskipafélagsins, Lambastaðabraut 13, Seltjarnarnesi, fæddur 24. júlí 1948, var yfirheyrður nokkrum sinnum sem kærður af lögreglu, og í dómi. 22. október 1976 skýrði hann rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Ég neita því afdráttarlaust, að ég hafi átt nokkurn þátt í smygli á litasjónvarpstækjum hingað til lands, einnig neita ég því, að ég hafi keypt eða fengið nokkurt þeirra tækja, sem smyglað var. Aftur á móti fékk ég grun um, að smygl á slíkum tækjum stæði til, en ég man ekki, hvenær það var.

Ég hef nú verið verkstjóri hjá Eimskip í eitt ár, og á þessum tíma fékk ég vitneskju um, að smygla átti litasjónvarpstækjum hingað til lands.

Fyrir eða eftir sl. áramót kom ég til Guðmundar Guðmundssonar, yfirverkstjóra, til þess að ræða við hann um starfið. Guðmundur hóf þá máls á því, hvort ég hefði áhuga á að eignast litasjónvarpstæki. Ekki man ég, hvernig umræða þessi fór fram, en Guðmundur gaf mér í skyn, að smygla ætti slíkum tækjum hingað til lands. Ég svaraði þessu strax á þann veg, að ég hefði engan áhuga á að kaupa smyglað tæki og ekki kæmi til greina, að ég léti bendla mig við smygl. Slitum við Guðmundur þá tali þessu og ræddum það aldrei meira. Guðmundur skýrði mér ekki frá því, með hvaða skipi tækin kæmu, né hverjir stæðu að þessu smygli. Þetta er það eina, sem ég veit um þetta mál, og vissi ég aldrei, hvenær tækin komu hingað til lands.“

Guðni var yfirheyrður í dómi sama dag. Þá kvaðst hann engu hafa við framangreinda skýrslu að bæta. Á dómþinginu var Guðni úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald. 25. s. m. var Guðni hins vegar yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Fyrri skýrsla hans er á þessa leið:

„Starf mitt sem verkstjóri er í því fólgið, að ég er verkstjóri yfir nokkrum verkamönnum, sem annast losum og lestun skipa. Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri, bauð mér tæki, en ég neitaði þátttöku. Þegar m.s. Dettifoss kom með sjónvörpin, sem smyglað var, þá bað Finnbogi Gíslason, yfirverkstjóri við Sundahöfn, Guðmund um mannskap til þess að losa þetta skip. Ég var sendur með eitt gengi í skipið og líklega tvö til þrjú önnur gengi. Venjulega eru 3—4 gengi við losun þessara skipa. Guðmundur og Ólafur, yfirverkstjórar, sögðu mér frá því, að nú væru með skipinu þau litasjónvarpstæki, sem smygla ætti í land. Ekki var mér meira sagt um þetta mál. Ég fékk engin fyrirmæli frá þeim um, í hvaða gámi tækin væru, ekki hvert gámurinn ætti að fara, þegar hann yrði hífður í land, og engin fyrirmæli til skipstjóra eða annarra, hvernig ætti að standa að þessu smygli. Ekki veit ég til þess, að neindir tollverðir væru bendlaðir við þetta smygl. Meira veit ég ekki um þetta mál.“

Seinni skýrsla Guðna er á þessa leið:

Ég hef nú hugsað vel og vandlega um allt það, sem ég kynni að vita um áðurgreint smygl á litasjónvarpstækjum. Ég vil nú skýra eins rétt og mér er frekast unnt frá vitneskju minni um málið.

Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri, bauð mér að vera með í þessu smygli og gæti ég látið kaupa fyrir mig litasjónvarpstæki. Þetta samtal átti

sér stað skömmu eftir sl. áramót á skrifstofu Guðmundar. Ég vildi ekki vera með í þessu smygli og neitaði þátttöku.

Það var í byrjun janúarmánaðar sl., að ég leysti Finnþoga Gíslason, yfirverkstjóra, af, þ. e. a. s. ég gegndi stöðu hans í fjarveru hans. Þá kom Þorlákur Þórarinnsson, skipstjóri, á skrifstofuna til mín og sagði mér, að þetta hefði mistekist í þetta sinn, en kæmi með næstu ferð skipsins. Skipið var að sjálfsögðu m.s. Dettifoss, en Þorlákur var þá afleysingarskipstjóri á þessu skipi. Ég sýndi þessu engan áhuga, en sagði Þorláki, að þá yrði Finnþogi kominn til starfa aftur. Að svo búnu fór Þorlákur.

Það var svo líklega í febrúar sl., að Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri, sendi mig og undirmenn mína inn í Sundahöfn, þar sem við skyldum vinna við losun á m.s. Dettifossi. Guðmundur nefndi það ekki, að með skipinu væru sjónvörpin, sem smygla ætti. Þegar ég kom inn í Sundahöfn, þá skýrði Finnþogi Gíslason, yfirverkstjóri, mér frá því, að með skipinu nú væru litasjónvarpstækin, sem smygla ætti í gámi frá Hamborg til Íslands. Finnþogi sagði mér, að tækin væru í hvítum 10 feta löngum gámi. Einnig sagði hann mér, að gámurinn ætti að fara inn í portið austanvert við Sundaskála 2. Ekki sagði hann mér númerið á gáminum.

Þegar ég fór svo að vinna við losun á skipinu, þá kom til mín Helgi Ívarsson, 1. stýrimaður á m.s. Dettifossi. Helgi sagði mér, að nú væru litasjónvarpstækin um borð og væru þau í hvítum 10 feta löngum gámi, sem hann vísaði mér á í eitt lestinni, og var gámurinn á efsta dekki í þeirri lest. Ég sagði Helga, að mér kæmi þetta ekkert við, og slitum við tali okkar.

Þessi gámur fór svo með öllum öðrum gámum úr skipinu og inn í portið austan við Sundaskála 2. Þar hefur líklega verkstjórinn við gámanna látið setja þennan tiltekna gám til hliðar, en ég veit þetta ekki nánar. Verkstjórnir í þessum skála heita Gunnar Sigurðsson og Guðmundur, en ég veit ekki, hvers son hann er. Reyndar veit ég ekki með vissu um, hvort þessir tveir menn hafi verið viðriðnir þetta mál, en það getur Finnþogi upplýst. Ég frétti svo síðar, að eitthvað af sjónvörpunum hafði verið flutt heim í bílskúr til Finnþoga, en ekki veit ég tölu þessara tækja né hver flutti þau þangað.

Ég kannast ekki við það, að ég hafi fengið í hendur nafnalista, þegar losun á skipinu átti sér stað, þegar það kom með litasjónvarpstækin. Ég man ekki eftir því, að ég hafi nokkuð rætt við Þorlák skipstjóra, hvorki um nöfn á eigendum tækjanna né nokkuð annað í sambandi við þetta smygl. Ekki fékk ég neinn miða með nöfnum þátttakenda í þessu máli frá Guðmundi, Ólafi eða Finnþoga, og kannast ég ekki við, að ég hafi rætt um þetta smyglmál við neinn í þetta skiptið nema Helga Ívarsson. Meira veit ég ekki um þetta mál.“

Guðni var samdægurs yfirheyrður í dómi og honum lesinn framburður

Þorláks um samskipti þeirra. Guðni neitaði því alfarið, að Þorlákur hefði látið tilgreind orð falla í sinni áheyrn, enda þekkti hann manninn lítið. Guðni var viss um, að hann hefði ekkert rætt við Þorlák sjálfan, er Dettifoss kom með litasjónvarpstækin, heldur hafi hann rætt við Helga Ívarsson stýrimann, sem kom til hans, þar sem hann var að vinna á dekkinu við eitt lestina, og benti á gáminn í lestinni og sagði, að í honum væru sjónvarpstækin. Guðni svaraði því til, að hann ætti ekkert af tækjunum og því kæmi sér þetta mál ekkert við. Guðni losaði síðan gáminn í land eins og aðra gáma og flutti lyftarinn hann inn í portið austan við Sundaskála 2.

Ekki varð Guðni var við gáminn, eftir að hann fór í land.

Ákærði Júlíus Sigurðsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um áramót, sem tengdafaðir hans, ákærði Bragi Sigurðsson, bauð honum til kaups litasjónvarpstæki. Ákærði sýndi áhuga, og talaði Bragi um, að ákærði þyrfti að greiða í erlendum gjaldeyri upphæð, sem næmi gkr. 100.000. Ákærði sló til og keypti eitt tæki og greiddi það með erlendri mynt. Ákærði taldi, að um 3 vikur eða mánuður hefði liðið frá greiðslu til afhendingar. Tækið sótti ákærði heim til Braga. Ákærði hafði enga hugmynd um, hvernig stóð á þessum innflutningi á sjónvarpi hans, en hann gerði sér strax grein fyrir, að tækinu yrði smyglað til landsins.

Ákærði Guðmundur Ásgeirsson hefur eftir töluverðar vífilengjur skýrt svo frá, að í desembermánuði hafi hann hitt að máli Finnboga Gíslason, sem hafði á orði, að hugsanlega gæti hann útvegað honum litasjónvarpstæki frá Þýskalandi, en ákærði hafði haft á orði við hann, að honum hefði gengið illa að fá tæki með skipum Nesskips h/f. Í byrjun janúar hafði Finnbogi símasamband við ákærða og spurði, hvort hann hefði enn hug á litasjónvarpstæki. Ákærði játaði því og greiddi DM 1.420 fyrir eitt tæki. Ákærða var kunnugt, að tækið átti að koma með m/s Dettifossi. Einnig vissi ákærði, að tækið kom ekki með fyrstu ferð skipsins árið 1976, heldur í 2. ferð. Ákærði fór til útlanda 15. febrúar. Kvöldið áður kom Finnbogi með tæki til ákærða. Var það í upphaflegum umbúðum. Ákærði kvaðst ekki hafa haft hugmynd um umfang þessa sjónvarpsmáls, en sig hefði grunad, að ekki væri allt með feldu, þegar dagblöð fóru að tala um smygl á litasjónvörpum í gámum með einhverju skipi Eimskipafélagsins. Ákærði spurði Finnboga, hvort sitt tæki væri úr þessu smygli. Finnbogi neitaði því, en ákærði fékk samt sínar grunsemdir um, að tækið væri sennilega úr stórrí sendingu. Nokkrum dögum áður en ákærði var fyrst yfirheyrður, aðvaraði Finnbogi hann um að hafa tækið heima. Þá kom í ljós, að tækið var tengt smyglmálinu, sem fjölmiðlar höfðu rætt um.

Ákærði Kristján Heimir Lárusson hefur skýrt svo frá, að um miðjan desembermánuð hafi hann verið að vinna á eigin krana hjá Eimskip hjá Faxa-

skála. Ákærði fór að fá sér kaffi í skálanum, er hann hitti þar verkstjórana Guðmundur Guðmundsson, Ólaf Ólafsson, Gunnar Jónsson og e. t. v. fleiri. Einn mannanna, ákærði mundi ekki hver, bauð ákærða litasjónvarpstæki til kaups og yrði því smyglað til landsins, Var rætt um tæki af Nordmende gerð, og átti tækið að kosta 1.420 DM, eða gkr. 93—95 þúsund. Ákærði sló strax til og vildi fá tvö tæki, og var það auðsótt mál. Ákærða var tjáð, að greiða þyrfti í erlendri mynt. Ákærði greiddi Ólafi í erlendum gjaldeyri jafnvirði DM 2.100, en afganginn í íslenskum peningum. Taldi ákærði, að Ólafur hefði einhvern veginn útvegað þann erlenda gjaldeyri, sem á vant- aði. Ekki vissi ákærði, hvaða skip mundi koma með tækin, en hann gerði sér ljóst, að einhverju magni yrði smyglað, því áðurgreindir verkstjórar ætluðu sér allir að fá tæki. Um mánuði síðar komu tækin til ákærða. Ákærði hafði þá verið að vinna við Kröflu, og er hann kom heim í helgarfrí, voru tækin tvö inni á verkstæði ákærða að Vestuvör 28, Kópavogi. Ákærði hafði lánað Ólafi lykllana að verkstæðinu, svo hann gæti komið tækjunum inn, Ákærði var óvitandi um, hvort verkstæðið hefði verið notað til að geyma fleiri tæki. Ólafur skilaði lyklinum nokkru síðar.

Ákærði Magnús Gunnarsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið líklega í ársbyrjun 1976, að Ólafur Ólafsson, sambýlismaður hans í húsinu, bauð honum litasjónvarpstæki á hagkvæmum kjörum. Tækið átti að kosta um 1.400 DM, og átti að greiða andvirðið í erlendri mynt. Ákærði greiddi tæk- ið í gjaldeyri þriggja landa. Ólafur kom með tækið til ákærða, sennilega í febrúar. Ekki vissi ákærði, hvernig standa ætti að innflutningnum, en honum var ljóst frá upphafi, að verð tækisins miðaðist við, að því yrði smyglað inn í landið. Ákærði vissi ekki um umfang málsins og taldi fráleitt, að hann hefði tekið þátt að kaupa tæki úr svo stórrí smyglsendingu, hafi hann vitað, hvað stóð til.

Ákærði Daniel Pétursson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búsettur í næsta húsi við Guðmund Guðmundsson. Um áramótin bauð Guðmundur ákærða litasjónvarpstæki til kaups. Guðmundur sagði, að tækið mundi koma með skipi til landins frá Evrópu og ætti að kosta DM 1.350. Ákærði sló til og greiddi fjárhæðina í þýskum mörkum og fékk tækið nokkrum vikum síðar. Við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst ákærði hafa talið, að tækið færi á aukaskrá hjá tollgæslunni og greitt yrði af því við komu til landsins. Fyrst eftir viðtöku tækisins gerði ákærði ráð fyrir að þurfa að greiða toll síðar. Er ekkert gerðist í málinu, gekk ákærði út frá, að tækinu herði verið smyglað til landsins. Við dómsrannsóknina kvaðst ákærði ekki hafa spurt sérstaklega, hvort ætlunin hafi verið að smygla tækinu, en gerði alveg eins ráð fyrir, að það yrði gert, enda kom á daginn, er ákærði fékk tækið afhent, að tollur yrði ekki greiddur af því. Ákærði kvað sér vera nokkurn veginn ljóst, hvað slíkt tæki kostaði hér-

lendis, og hann hefði ráðið af sínu verði, að tækið var ótollafgreitt. Ekki gerði ákærði reka að því að greiða aðflutningsgjöld af tækinu.

Geir Marinó Jónsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi um mánaðamótin janúar-febrúar verið staddur hjá nágranna sínum, akærða Hreini Þorsteini Garðarssyni. Gestgjafinn var kallaður í síma. Eftir að hafa talað í hann nokkra stund spurði hann ákærða, hvort hann vildi kaupa litasjónvarpstæki á gkr. 83.000. Ákærði játaði því, og Hreinn Þorsteinn fór aftur í símann. Ekkert gerðist síðan í málinu fyrr enn líklega um miðjan febrúar, að ákærði fékk tæki af Normende gerð 2202. Þá hafði ákærði greitt andvirði þess nokkru áður. Verðið var gkr. 83.000 eða 93.000, sem ákærði greiddi í íslensku peningum til Hreins Þorsteins. Guðmundur Guðmundsson kom með tækið til ákærða. Í dóminum kannaðist ákærði ekki við að hafa verið þátttakandi í sameiginlegu smygli á 29 litasjónvarpstækjum og hann hafi ekkert vitað um undirbúninginn og ekki fjármagnað kaupin. Ákærði kvaðst hafa borgað tækið við móttöku og aldrei hafa haft samskipti við aðra ákærðu en Guðmund Guðmundsson og Hrein Þorstein.

Ákærði Hreinn Þorsteinn Garðarsson hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að í janúarbyrjun hafi Guðmundur Guðmundsson hringt heim til sín, er vinur hans, ákærði Geir Marinó, var þar staddur. Guðmundur bauð ákærða til kaups litasjónvarpstæki. Ákærði spurði Guðmund, hvort vinurinn gæti ekki líka fengið tæki. Var það auðsótt mál. Ekki mundi ákærði, hvað Guðmundur sagði honum um, með hvaða hætti tækin yrðu keypt, en ákærði kvaðst hafa séð í hendi sér, að eftir væri að kaupa tækin erlendis og smygla þeim til landsins. Guðmundur gaf ákærða til kynna, að verð tækjanna yrði nálægt búðarverði í því landi, sem tækin kæmu frá. Ákærði bauð Geir Marinó tæki til kaups, á meðan hann átti símtalið við Guðmund. Geir Marinó ákvað strax, að hann vildi kaupa tæki. Tveim vikum síðar eða svo fór ákærði Hreinn Þorsteinn á skrifstofu Guðmundar í Reykjavík og afhenti ákærða Ólafi Ólafssyni andvirði tveggja tækja, þ. e. síns tækis og Geirs Marinós. Hreinn Þorsteinn greiddi með þýskum mörkum, sem hann átti, en Geir Marinó hafði látið hann hafa dollara, að því er hann minnti. Greiðsla hvors um sig samsvaraði gkr. 80—90.000. Er gengið var á ákærða um, hvort hann væri alveg viss um, að Geir Marinó hefði greitt í erlendum gjaldeyri, svaraði ákærði því afdráttarlaust, að svo hefði verið. Um miðjan febrúar var komið með tvö tæki til ákærða. Voru þau flutt þangað í sendibifreið. Ákærði var ekki heima, en taldi líklegt, að Guðmundur eða Ólafur hefðu komið með tækið heim. Ákærði sagði, að sér og Geir Marinó hefði verið fullkomlega ljóst, að smygla ætti tækjunum til landsins, enda hafi verðið verið miðað við það. Í dóminum kvaðst ákærði ekki vera sáttur við atvikalýsingu í ákæru um, að hann hefði tekið þátt í sameiginlegu smygli á 29 litasjónvarpstækjum, því að tækin hefðu verið

komin til landsins, þegar hann keypti sitt. Ákærði sagði, að Guðmundur hefði haft samband við sig og gert honum grein fyrir, að um hefði verið að ræða smyglað tæki, en hann hefði ekki gert sé grein fyrir, hve umfangsmiklu máli hann væri að tengjast.

Ákærði Matthías Þorbjörn Guðmundsson skýrði svo frá, að hann starfaði sem verkstjóri hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur og það hefði verið einhvern tímann um veturinn, að Guðmundur bróðir hans bauð honum sjónvarpstæki til kaups. Þar sem ákærði átti fyrir lélegt tæki, sló hann til. Fram kom hjá Guðmundi, að um væri að ræða litatæki og það ætti að kosta um gkr. 100.000. Ákærði greiddi tækið í íslenskum peningu, enda var ekki á erlendan gjaldeyri minnst, og ákærði átti hann heldur ekki til. Nokkrum vikum seinna kom tækið, þegar ákærði var að heiman. Ákærði gerði sér grein fyrir, að tækið var smyglað og óskráð hjá Ríkisutvarpinu. Ákærði kannaðist við að hafa lánað bróður sínum sendibil, en kvaðst ekkert hafa hugsað út í, til hvers hann var notaður. Ákærði hafði enga hugmynd um, í hvaða sambandi tæki hans gæti staðið varðandi smyglmál almennt, en þegar fjölmiðlar fóru að skrifa um hugsanlegt smygl á sjónvörpum í gámum, grunaði hann margt og spurði Guðmund um málið. Guðmundur sagði, að hann þyrfti ekkert að óttast. Ákærði ákvað að koma tækinu í örugga geymslu, er hér var komið.

Ákærði Jørgen Jón Hafsteinn Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið skömmu fyrir jól, að hann hefði rætt við ákærða Gísla Hafliðason, yfirvelstjóra á m/s Dettifossi, um, að Gísli keypti fyrir hann litasjónvarpstæki af Normende gerð í Hamborg og flytti það til landsins á „pakka-lista“, þar sem tækið yrði virt og ákærði greiddi af því tilskilin gjöld. Gísli kannaði verð og sagði ákærða, að tækið mundi kosta um gkr. 100.000, sem þyrfti að greiðast í erlendri mynt. Ákærði afhenti Gísla upphæðina í sænskum krónum um áramótin. Í febrúar hringdi Gísli til ákærða og sagði honum, að tækið væri komið heim til sín. Ákærði sótti tækið. Tækið var í umbúðum frá verksmiðjunni, og sagði Gísli ákærða, að það hefði komist í land „fram hjá tollgæslunni“, en nánar vissi ákærði ekki um það. Ákærði kvaðst hafa verið feginn að þurfa ekki að greiða tolla af tækinu og notaði það síðan heima.

Ákærði Guðmundur Andrússon hefur skýrt svo frá, að hann hafi falast eftir sjónvarpstæki hjá Þorláki Þórarinssyni löngu fyrr og í desember eða jánúar hefði ákærði látið Þorlák fá gjaldeyri til að kaupa litasjónvarpstæki. Samsvaraði gjaldeyririnn um gkr. 84.000. Ekki vissi ákærði neitt um, að hans tæki yrði hluti af stærri sendinu, eða vissi hann um aðra aðilja málsins. Ákærði náði í tækið heim til föður síns, en hann og ákærði Þorlákur voru kunningjar frá fornu fari.

Jóhann Sigurður Eymundsson hefur skýrt svo frá hjá rannsóknarlögregl-

unni, að skömmu fyrir jólin 1975 hafi ákærði Þorlákur komið í búðina til hans, en þeir vori lítils háttar kunningjar, Tóku þeir tala saman, og barst það að sjónvörpum. Ákærði kvaðst vera að hugsa um að endurnýja sjónvarpstæki sitt og hefði hann hug á litatæki. Þorlákur kvaðst geta útvegað slíkt tæki, hann ætti lítið notað tæki, sem hann vildi gjarnan selja, og átti það að greiðast í erlendri mynt. Átti það að kosta 1.300—1.400 DM. Þorlákur skýrði ákærða svo frá, að hann keypti ýmiss konar heimilistæki erlendis og væri það látið ótalið af tollgæslunni. Ákærða skildist, að Þorlákur gæti keypt fyrir hann tæki undir því yfirskeyni, að það væri fyrir hann sjálfan. Ákærði fékk tækið í febrúar, en áður en Þorlákur fór í þá ferð, hafði ákærði greitt honum DM 8—900 og gkr. 30—40.000. Þorlákur kallaði ákærða til sín í febrúarmánuði, og sótti ákærði þá tækið. Var það alveg nýtt og ónotað og í merktum umbúðum frá verksmiðju. Þorlákur skýrði ákærða svo frá við afhendingu, að tækið væri ekki á skrá, og varð ákærða þá ljóst, að tækið var smyglað. Í dóminum skýrði ákærði svo frá, að sér hafi verið boðið tækið til kaups og hann ætlast til, að það yrði tollafgreitt. Síðan var komið með tækið til ákærða, og greiddi hann gkr. 20.000 í þóknun, þar sem maðurinn sparaði honum tollinn.

Ákærði Ríkarður Kristjánsson hefur skýrt svo frá, að ákærði Þorlákur sem hann hafi þekkt í mörg ár, hafi keypt fyrir sig litasjónvarpstæki í Hamborg. Ekki mundi ákærði, hvenær Þorlákur bauðst til að kaupa tækið, sem ákærði fékk í ársbyrjun. Tækið greiddi ákærði með því að láta Þorlák hafa erlendan gjaldeyri, bæði dollara og þýsk mörk, en tækið átti að kosta 1.400 DM, og fékk Þorlákur erlendan gjaldeyri, sem því nam. Þorlákur fór með féð til Hamborgar og keypti tækið fyrir ákærða. Það næsta, sem gerðist í málinu, var, að Þorlákur hafði samband við ákærða og bað hann að sækja tækið heim til sín að Hlíðarvegi í Kópavogi. Tækið var í merktum pappakassa, og var greinilegt, að umbúðirnar voru frá verksmiðjunni. Í dóminum hefur ákærði talið, að þætti sínum í málinu sé í meginatriðum rétt lýst í ákæru, þó hafi hann ekki vitað, hvernig standa ætti að innflutningnum.

Mál þetta var höfðað gegn öllum ákærðu fyrir sameiginlegt smygl á 29 litasjónvarpstækjum, eins og nánar greinir í ákæru. Hlutdeild ákærðu í verknaðinum var þó með mjög mismunandi hætti, allt frá fullri aðild að allri brotastarfseminni niður í það að leggja fram aðeins fjarmagn til kaupa á einu tæki. Samkvæmt gögnum málsins fer því fjarri, að hægt sé að slá því föstu, að allir ákærðu hafi haft fulla vitneskju um allt, sem til stóð að gera og framkvæmt var. Sumir ákærðu hafa viðurkennt að hafa vitað um, að kaupin yrðu sameiginleg fyrir fleiri aðilja og þeir hafi með þeim hætti tengst samtökum, en í miklum minni mæli en ákæra bendir til. Dóm-

urinn telur, að gefa hefði þeim, sem minnsta sök eiga í málinu, kost á að ljúka sínum þætti með dómssátt. Þar sem smyglandlagið var sameignlegt, verður að telja þessa málasamsteypu löglega, þó þung hafi verið í vöfum og þeim til óhagræðis, sem minnst gerðu af sér.

Telja verður víst, að hugmyndin að smyglinu hafi komið upp í hópi starfsmanna skipafélagsins við gömlu Reykjavíkurhöfnina. Sú hugmynd var borin m. a. undir ákærða Þorlák, sem féllst á hana. Þorlákur, sem var skipstjóri á skipi því, sem nota átti við hinn ólögsmæta innflutning, gegndi lykilhlutverki í brotinu vegna stöðu sinnar og athafna. Hann tók að sér að kaupa tækin, sá um að koma þeim um borð og flytja þau til landsins. Einnig fékk hann til liðs við sig skipverja á skipinu, sem aðstoðuðu við að koma tækjunum um borð í Hamborg og skipa þeim á land í Sundahöfn. Auk skipverja sinna, sem hann fékk til liðs við sig, útvegaði hann einnig kaupendur að tækjum, tók við kaupverði hjá þeim og hafði milligöngu um dreifingu á tækjum, eftir að þau komu til landsins. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. og 2. mgr. 61. gr., 69. gr., 70. gr., 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969. 3. mgr. 60. gr. sömu laga á hér ekki við, og samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður lögum nr. 71/1976 ekki beitt. Ekki verður séð, hvernig lög nr. 66/1973 snerta mál þetta, þar eð þau varða aðeins innsigliðskrár fyrir tóbak og áfengi og sektarheimild tollgæslunnar.

Auk ákærða Þorláks voru ákærðu Guðmundur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson og Finnbogi Gíslason forystu- og lykilmenn í smyglinu vegna starfa sinna hjá skipafélaginu, og brutu þeir allir fjórir mjög trúnaðarskyldur sínar. Þeir voru allir með í ráðagerðinni frá upphafi, og staða Finnboga sem yfirverkstjóra við Sundahöfn var mjög þýðingarmikil við framkvæmdina. Hlutur Guðmundar var sá að vera með í ráðum frá upphafi, fá kaupendur til liðs við sig, taka við kaupverði og dreifa nokkrum tækjum. Ekki hefur verið leitt í ljós, að hann hafi lagt hönd persónulega að verki við uppskipunina, en hann lagði til mannskap og gaf meðákærða Ólafi fri til að sækja og dreifa tækjunum, svo útvegaði hann bifreið til flutningsins. Ákærði Ólafur var mjög athafnasamur og virðist hafa starfað í skjóli yfirmanns síns, ákærða Guðmundar. Ólafur safnaði saman verulegum hluta kaupverðsins og afhenti skipstjóranum, hann útvegaði kaupendur og dreifði tækjunum.

Ákærði Finnbogi nýtti aðstöðu sína í Sundahöfn til að láta flytja gáminn eftir uppskipun á afvikinn stað til að auðvelda dreifingu tækjanna, svo og gaf hann verkstjóra sínum, ákærða Sigurði Kristni Eyjólfssyni, yfirmæli um að færa gáminn til innan athafnasvæðisins á óvenjulegan stað í blekkingar- og hagræðingarskyni, þ. e. á stað, sem aðeins var ætlaður eldfimum varningi. Þremmingarnir hafa með þessu háttalagi brotið gegn sömu laga-

greinum og ákærði Þorlákur að undantekinni 69. gr. laga nr. 59/1969. Ákærðu Helgi Ívarsson, Jóhann Páll Lilaa Símonarson, Þorsteinn Bjarnason og Sigurður Kristinn Eyjólfsson áttu allir þátt í hinni beinu smyglframkvæmd auk þess sem þeir lögðu fram fé til kaupanna. Jóhann Páll og Þorsteinn tóku við og komu tækjunum fyrir um borð í Dettifossi í Hamborg, ákærði Helgi sá um, að gáminum væri skipað í land í Sunda-höfn, og ákærði Sigurður Kristinn annaðist tilflutning á gáminum á hafnar-svæðinu, eins og rakið var í sambandi við þátt ákærða Finnboga o. fl. Brot þeirra varða við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 61. gr., 70. gr., 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Að frágengnum framangreindum starfsmönnum Eimskipafélags Íslands h/f er nokkuð óljós hlutur annarra starfsmanna félagsins í heildarframkvæmdinni. Enginn þeirra hefur kannast við að hafa vitað um umfang smyglsins eða að hafa lagt hönd að verki við beina framkvæmd þess. Allir hafa kannast við að hafa lagt fram fjármuni og flestir, að þeim var kunnugt um, að fleiri væru með, misjafnlega margir, í spiliinu. Ákærði Bragi bar, að honum hafi verið boðið að vera „með“ í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti til landsins. Svipuð orð viðhöfðu Guðmundur Guðlaugsson, Gunnar Tómas Jónsson og Gunnar Sigurðsson. Ákærði Þorsteinn Geirsson hefur borið, að hann hafi aðeins talið tækin vera 4—5. Þá hefur hann kannast við að hafa sótt 3 tæki til ákærða Finnboga og flutt og afhent tvö þeirra 2 af ákærðu. Leggja verður þessa framburði ákærðu til grundvallar, þótt þeir séu vart óyggjandi. Þeir hafa brotið gegn 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 70. gr. i. f., 71. og 75. gr. laga nr. 59/1969 og ákærði Þorsteinn auk þess gegn 2. mgr. 61. gr. sömu laga með afhendingu á tveim tækjum til tveggja ákærðu.

Skipverjarnir Friðbjörn Kristjánsson, Gísli Hafliðason og Þorsteinn Helgi Magnússon höfðu hver sína sögu að segja. Gísli og Þorsteinn Helgi voru í frii í umræddri ferð skipsins, en Friðbjörn ekki.

Ákærði Þorsteinn Helgi hefur kannast við, að hann hafi fallist á að vera með, er honum barst freistandi boð frá Þorláki, er m/s Dettifoss var staddur í Hamborg. Við það tækifæri sá ákærði lista hjá skipstjóranum með nöfnum 7—8 manna, sem nafni ákærða var bætt á. Ákærði lagði fé til kaupanna, og honum var kunnugt, að tækin átti að kaupa hjá Per Skog í Hamborg. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr. og 70. gr. i. f. og 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Friðbjörn Kristjánsson hefur aðeins viðurkennt, að þáttur hans í málinu hafi verið sá að leggja fram peninga fyrir einu tæki og það hafi verið um borð í m/s Dettifossi, sem ákærði Þorlákur kom að máli við hann og bauð honum litasjónvarpstæki til kaups. Þótt önnur gögn, t. d. framburðir Þorláks og Helga, bendi til þess, að ákærði Friðbjörn hafi haft frek-

ari vitneskju um málið, verður með vísan til 108. gr laga nr. 82/1969 að leggja þennarn framburð til grundvallar. Háttsemi ákærða varðar við sömu lagaákvæði og framferði ákærða Þorsteins Helga.

Ákærði Gísli Hafliðason hefur ekki kannast við neina sök í málinu, sbr. framburð hans hér að framan. Ákærði hefur þó kannast við, að ákærði Þorlákur hafi hringt, þegar m/s Dettifoss kom úr smygflerðinni, og sagt honum, að tækið hefði „sloppið í gegnum tollinn, og var svo látið standa.“ Eftir þetta símtal var tækinu ekið heim til ákærða, sem síðar afhenti það ákærða Jörgen. Ákærði Gísli hefur viðurkennt, að honum hafi verið kunnugt um smygl á tækinu, áður en hann tók við því á heimili sínu. Sú háttsemi brýtur í bága við lokamálgrein 70. gr. laga nr. 59/1969, og það háttalag að afhenda Jörgen tækið búandi að þessari vitneskju varðar við 2. mgr. 61. gr. sömu laga. Eftir stendur þá að taka afstöðu til þess, hvort ákærði Gísli hafi brotið gegn 1. mgr. 60. gr. laganna. Gísli sagði, að Jörgen hefði beðið sig að kaupa fyrir sig litasjónvarpstæki í Hamborg, flytja heim og gefa upp til tollsins og Þorlákur hafi boðist til að útvega honum tæki á verksmiðjuverði. Ákærði kvaðst eigi hafa efni á því, en datt í hug að láta Jörgen ganga inn í kaupin. Jörgen greiddi Gísla fjárhæð tækisins, sem átti að kosta um 1.400 DM, sem Gísli afhenti Þorláki. Gísli kvaðst ekki hafa óskað eftir öðru en að tækið yrði sett á pakkalista.

Er ákærði Gísli var fyrst yfirheyrður í málinu af rannsóknarlögreglunni 19. október 1976, kvaðst hann hafa verið yfirvélstjóri á m/s Dettifossi, frá því skipið kom til landsins í nóvember 1970. Ákærði kvaðst þá ekkert vita um smyglið og ekkert geta um málið sagt. Sama dag var ákærði leiddur fyrir dóm. Aðspurður um sakarefnið kvaðst hann engu hafa við skýrslu þá að bæta, sem hann gaf rannsóknarlögreglunni samdægurs. Ákærði kvaðst ekkert vita til þess, að aðrir skipverjar um borð í Dettifossi hefðu smyglað litasjónvarpstækjum. Að lokinni yfirheyrslu í dóminum var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum. Ákærði var látinn laus úr gæslu 23. s. m. 25. s. m. var ákærði yfirheyrður á ný af rannsóknarlögreglunni. Þá skýrði hann frá þætti sínum í málinu á þann hátt sem áður er rakið.

Þegar málavextir eru virtir í heild sinni, framburður ákærða Helga Ivarssonar, staða ákærða á smyglskipinu, framkoma hans við rannsókn málsins og framkoma hans og meðferð tækisins eftir komu smyglskipsins, greiðslan á kaupverðinu í erlendri mynt frá ákærða Jörgen, sem var bifreiðarstjóri að atvinnu og ekki er vitað til að hafi nein gjaldeyrisréttindi eins og sjómenn, og þess, að ekki var neitt gert til að afla gjaldeyris- og innflutningsleyfis fyrir tækinu samkvæmt 3. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi nr. 370/1974, sbr. reglugerð nr. 462/1975, hafnar dómurinn því alfarið, að ákærða hafi verið ókunnugt um, að smygla ætti

tækinu, og hefur hann því með milligögnu sinni fyrirfram um útvegum kaupverðs eins tækis brotið gegn 1. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ákærði Jörgen Hafsteinn Sigurjónsson hefur viðurkennt að hafa fengið ákærða Gísla kaupverð eins tækis í erlendri mynt í því skyni, að það yrði keypt erlendis. Ákærði hefur að visu haldið því fram, að hann hafi ætlast til, að tollur yrði greiddur af tækinu, þótt hann hafi, er á reyndi, verið feginn að komast hjá því. Þegar það er virt, að ákærði gerði ekkert fyrir komu tækisins til landsins til að afla sér gjaldeyris- og innflutningsleyfis, og það, sem segir um þátt ákærða Gísla, hafnar dómurinn því, að ákærða hafi verið ókunnugt um, að smygla ætti tækinu inn í landið, enda tollafgreiðsla þess óhugsandi, eins og allt var í pottinn búið. Vegna fyrri mála ákærða átti honum að vera vel kunn ákvæði um innflutning til landins. Ákærði hefur því með háttalagi sínu brotið gegn 1. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit. Ákærði er ekki ákærður fyrir brot á gjaldeyrislöggjöfinni fremur en aðrir ákærðu, sem ekki nutu svokallaðs „áhafnargjaldeyris.“

Ákærði Kristján Heimir Lárússon hefur viðurkennt að hafa lagt fram fé til kaupa á tveim tækjum og að hann hafi gert sér grein fyrir því, að smygla átti tækjunum til landsins. Ákærði hefur einnig kannast við að hafa gert sér grein fyrir, að einhverju magni yrði smyglað, því honum var ljóst, að nokkrir verkstjórar í hópi ákærðu áttu að fá tæki. Öðru tækinu ráðstafaði ákærði til aðilja, sem hann hefur ekki gefið upp. Ákærði hefur neitað að hafa vitað, að bílskúr hans hafi átt að nota til að geyma tæki og dreifa þaðan. Framferði ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. tolllaga.

Ákærði Júlíus Sigurðsson hefur kannast við, að hann hafi strax gert sér grein fyrir, að smygla átti tæki því, sem hann fékk. Þáttur ákærða í hinu sameiginlega smygli var sá einn að leggja fram peninga til kaupa á einu tæki. Háttsemin varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Guðmundur Ásgeirsson hefur viðurkennt að hafa lagt fram fé til kaupa á einu tæki, og fékkst sú játning fram seint og um síðir. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um umfang málsins. Leggja verður þetta til grundvallar. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Magnús Gunnarsson hefur kannast við að hafa lagt fram fé til kaupa á einu tæki og að hafa gert sér grein fyrir frá upphafi, að smygla ætti því. Ekki gerði ákærði sér grein fyrir umfangi málsins. Verður það lagt til grundvallar. Háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Daniel Pétursson hefur viðurkennt að hafa þegið boð ákærða Guðmundar Guðmundssonar að kaupa litasjónvarpstæki og að hafa lagt fram til kaupanna DM 1.350. Í dóminum kvaðst ákærði ekki hafa spurt sérstaklega, hvort ætlunin hafi verið að smygla tækinu, en gerði alveg eins ráð fyrir, að það yrði gert. Ákærða var nokkurn veginn ljóst, hvað slíkt tæki kostaði hérlendis, og hann séð af sínu verði, að það var ótollafgreitt. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Hreinn Þorsteinn Garðarsson hefur viðurkennt að hafa tekið boði ákærða Guðmundar Guðmundssonar um að kaupa eitt tæki og að hafa haft milligöngu um, að ákærði Geir Marinó Jónsson fengi keypt annað tæki, svo og að þeim hafi verið frá upphafi ljóst, að smygla ætti tækjunum til landsins. Ákærði fékk kaupverð Geirs Marinós greitt í erlendri mynt og fór með það ásamt sínu til ákærða Guðmundar Guðmundssonar. Ákærði hefur ekki kannast við frekari þátttöku í smyglinu. Leggja verður þetta til grundvallar. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. tolllaga.

Þegar virtur er ofangreindur framburður ákærða Hreins Þorsteins, viðvera ákærða Geirs Marinós, er gert var út um viðskiptin, greiðsla á tækinu fyrir móttöku samkvæmt framburði hjá rannsóknarlögreglu og það, að ákærði, sem ekki naut réttinda til áhafnagjaldeyris, gerði ekkert til að afla gjaldeyris- og innflutningsleyfis, þykir vera næg sönnun fyrir því, að ákærði var ekki í góðri trú, er hann féllst á að kaupa tækið, og honum hlítur að hafa verið ljóst, að smygla átti því, enda litasjónvarpstæki á þessum tíma ekki á löglegum markaði vegna gjaldeyristakmarkana. Ákærði Geir Marinó hefur því gerst brotlegur við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr. og 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1959.

Ákærði Matthías Þorbjörn Guðmundsson hefur viðurkennt að hafa lagt fram peninga til kaupa á einu tæki og hafa gert sér grein fyrir, að því yrði smyglað. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Guðmundur Andrésson hefur viðurkennt að hafa falast eftir litasjónvarpstæki hjá Þorláki og hafa látið hann fá erlendan gjaldeyri til kaupanna. Ekki vissi hann neitt um, að hans tæki yrði hluti af stærri sendingu, eða vissi hann um aðra aðilja málsins. Leggja verður þetta til grundvallar. Háttsemin varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Jóhann Sigurður Eymundsson hefur kannast við að hafa afhent ákærða Þorláki kaupverð tækis í erlendri mynt, áður en sá síðarnefndi fór í smyglferðina. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Ríkarður Kristjánsson hefur kannast við að hafa lagt fram fé til kaupa á einu tæki, sem smyglað var til landsins. Háttsemin varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. tolllaga.

Eftirtaldir ákærðu hafa áður sætt refsingum fyrir brot á lögum um tollheimtu og tollefirtlit og öðrum lögum um innflutning til landsins:

1. Ákærði Þorlákur Þórarinnsson var með dómi 26. maí 1972 sektaður um kr. 110.000 fyrir brot á toll- og áfengislögum og til að þola upptöku á áfengi og tóbaki.

2. Ákærði Friðbjörn Kristjánsson undirgekkst með dómssátt 4. október 1971 að greiða kr. 27.000 í sekt fyrir áfengis- og tolllagabrot.

3. Ákærði Gísli Hafliðason undirgekkst með dómssátt 2. febrúar 1957 að greiða kr. 1.000 í sekt vegna tolllagabrots.

4. Ákærði Jóhann Páll Lilaa Símonarson hefur þrisvar undirgengist með dómssáttum að greiða sektir fyrir brot á toll- og áfengislögum: a) 26. september 1972 kr. 2.000, b) 18. maí 1973 kr. 6.000, c) 10. nóvember 1976 kr. 300.000.

5. Ákærði Þorsteinn Bjarnason undirgekkst með dómssátt 6. júní 1975 að greiða kr. 15.000 í sekt fyrir brot á toll- og áfengislögum.

6. Ákærði Þorsteinn Helgi Magnússon hefur tvívegis undirgengist með dómssáttum að greiða sektir fyrir brot á toll- og áfengislögum: a) 11. maí 1973 kr. 8.000, b) 12. mars 1974 kr. 25.000.

7. Ákærði Guðmundur Guðmundsson hefur 4 sinnum undirgengist dómssáttir fyrir slík brot: a) 26. ágúst 1947 kr. 300 fyrir innflutning og sölu áfengis, b) 4. september 1947 kr. 1.000 fyrir ölvun, smygl og árás á lögregluna, c) 21. júlí 1958 kr. 10.000 fyrir tolllagabrot, d) 2. apríl 1962 kr. 10.000 fyrir tolllagabrot.

8. Ákærði Bragi Sigurðsson hefur tvívegis undirgengist með dómssáttum greiðslur sekta vegna brots á tolllögum o. fl.: a) 22. júlí 1964 kr. 30.500 sekt fyrir áfengis- og tolllagabrot, b) 8. febrúar 1966 kr. 500 í sekt fyrir tolllagabrot.

9. Ákærði Sigurður Kristinn Eyjólfsson undirgekkst 13. janúar 1954 með dómssátt að greiða kr. 5.000 í sekt fyrir brot á áfengislögum.

10. Ákærði Guðmundur Ásgeirsson hefur þrisvar undirgengist sektargreiðslur með dómssáttum: a) 6. september 1965 kr. 12.000 fyrir tolllagabrot, b) 6. október 1969 kr. 600 í sekt fyrir áfengis- og tolllagabrot, c) 6. nóvember 1972 kr. 5.000 í sekt fyrir áfengislagaabrot.

11. Ákærði Hreinn Þorsteinn Garðarsson undirgekkst með dómssátt 17. september 1975 að greiða kr. 3.000 í sekt fyrir tolllagabrot.

12. Ákærði Jörgen Jón Hafsteinn Sigurjónsson hefur hlotið eftirfarandi sektir vegna innflutnings: a) 9. ágúst 1966 kr. 19.000 í sekt fyrir brot

á toll- og áfengislögum. Upptaka á sjónvarpstæki, segulbandstæki og ölkassa. b) 10. janúar 1968 kr. 1.600 í sekt fyrir áfengislagabrot, c) 3. júlí 1968 kr. 120.000 í sekt fyrir áfengis- og tolllagabrot. Varningur gerður upp-tækur.

Af hálfu verjenda málsins hefur því verið haldið fram, að sakir skjólstæðinga þeirra séu fyrndar og því beri að sýkna þá. Ekki varð þó sú raunin á hjá þeim að reifa málið á þeirri forsendu, að refsisök kynni að vera fyrnd, en unnt væri að dæma eignarupptöku, þótt fyrir 1. október sl. hafi IX. kafli almennra hegningarlaga aðeins tekið til fyrningar á refsingum, en ekki á öðrum viðurlögum. Einnig er þess að geta, að fyrningarreglur hegningarlaganna áttu fyrir þann tíma aðeins við brot, sem lúta að hegningarlögunum sjálfum, en áttu ekki beint við brot, sem refsiverð eru samkvæmt sérrefsilöggjöfinni. Því hefur verið álitamál, hvort við sérrefsilagabrot hafi verið unnt að beita ákvæðum 81. gr. laga nr. 19/1940 með löggjöfnun.

Með lögum nr. 20/1981 var gerð gagnger breyting á fyrningarreglum. Nú taka fyrningarreglurnar til allra brota, bæði samkvæmt almennum hegningarlögum og sérrefsilögum. Einnig taka nýju sakarfyrningarreglurnar beinlínis til annarra viðurlaga við broti en refsingar, svo sem eignarupptöku. Enn má nefna, að reglur um fyrningarfresti eru mjög breyttar, og í heild sinni hefur fyrningarfresturinn lengst samkvæmt nýju reglunum, t. d. er 5 ára fyrning, ef menn koma sér undan greiðslu á tollum.

Það fyrsta, sem taka þar afstöðu til um þessa málsástæðu verjenda, er að ákveða, hvort beita eigi nýju eða gömlu fyrningarreglunum eða e. t. v. þeim báðum saman, þannig að úr báðum verða tekin þau atriði, sem hagstæðust eru sakborningunum. Í lögum eru ekki ákvæði um beitingu hinna nýju fyrningarreglna um brot, sem framin eru fyrir gildistöku laga nr. 20/1982. Um það gilda því ákvæði 2. gr. og 2. gr. a alm. hegningarlaga og meginreglur, sem af þeim verða leiddar. Ljóst er, að sakir, sem voru fyrndar við gildistöku laganna samkvæmt eldri reglum, leiða ekki til refsingar, og ófyrnd brot við gildistöku lúta eldri fyrningarreglum, nema yngri reglur séu hagstæðari fyrir sakborninga. Þá ber að beita þeim.

Í máli þessu er staðan sú, að hinar nýju reglur eru að nokkru hagstæðari ákærðu og að nokkru óhagstæðari, þ. e. sérstakur fyrningarfrestur á upptökukröfum verður að teljast þeim hagstæðari en eldri kostur í þeim efnum, en 5 ára fyrning á sektum í stað 2 ára er þeim ákærðu, sem aðeins hafa unnið til sekta, óhagstæðari. Ef velja ætti hagstæðasta kostinn fyrir ákærðu, bæri að nota nýju reglurnar um upptöku og þær gömlu um sektir. Slíkt verður þó ekki talið heimilt, þar sem beita verður hvorum flokki fyrningarreglna fyrir sig heildstætt. Eins og hér stendur á, virðist mjótt mundangshófið, og þar sem ekki er vafalaust, að yngri reglurnar séu hagstæðari,

telur dómurinn, að beita eigi eldri reglum með lögjöfnun. Unnt er samkvæmt bæði nýju reglunum og þeim gömlu að dæma eignarupptöku, þótt refsisök kynni að vera fyrnd. Einnig ber að hafa í huga, að saknæmi brota ákærðu er mjög mismunandi, og dómurinn átti þess ekki kost að dæma minni sakir sérstaklega.

Hinn ólöglegi innflutningur, sem málið spratt af, átti sér stað, er m/s Dettifoss kom í íslenska tollsvæðið, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1969, 14. febrúar 1976, og ákæra í málinu var gefin út rúmu ári síðar, eða 11. mars 1977. Fyrsta þinghald í málinu hér í dómnum fór fram 22. september 1976. Þá hafði áður verið þingað í málinu í sakadómi Keflavíkur, þ. e. 13. s. m. Síðasta þinghald í málinu fyrir útgáfu ákæru fór fram 25. janúar 1977. Eftir útgáfu ákæru hefur verið þingað í málinu 29. ágúst 1978, 31. ágúst s. á., 6. september s. á., 13. október s. á., 7. maí 1979, 11. maí s. á., 16. júlí s. á., 14. ágúst s. á., 28. júlí 1981, 5. ágúst s. á., 7. ágúst s. á., 19. ágúst s. á., 17. september s. á., 22. september s. á., 25. september s. á., 13. október s. á. og 26. október sl., er málið var dómtekið.

Réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningalaga hófst í máli þessu hinn 13. september 1976. Að vísu var henni í upphafi ekki beint gegn öllum ákærðu, en þeir drógust smátt og smátt, einn eftir annan, inn í málið. Þeir voru allir komnir inn í það, og málið beindist gegn þeim öllum, áður en síðasta dómpróf fór fram fyrir útgáfu ákæru. Þegar það er virt, að málið er höfðað saman gegn öllum ákærðu út af sömu smyglferðinni og sama smyglgóssinu, verður að telja hvert einasta þinghald í málinu eftir útgáfu ákæru varða þá alla og hafa réttaráhrif samkvæmt því, enda illframkvæmanlegt að halda sök hvers og eins algerlega út af fyrir sig við meðferð málsins. Að vísu hefur málsmeðferð verið nokkuð seinvirk, en eigi verður talið, að hætt hafi verið við réttarrannsókn „um óákveðinn tíma“, eins og tekið er til orða í 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940, enda fjöldi ákærðu í þessu máli dæmafár og málið því allt þungt í vöfum. Dómþing í málinu fyrir útgáfu ákæru rufu því fyrningu til fullnustu hjá þeim, sem til vægustu refsingar hafa unnið, sbr. 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Verður því eigi fallist á, að sök neins ákærða sé fyrnd.

Refsing ákærða Þorláks Þórarinssonar telst hæfilega ákveðin fangelsi í 60 dag og sekt að fjárhæð kr. 4.500.00. Þar sem ákærði hefur eigi fyrr hlotið refsivistardóm, þykir mega fresta fullnustu refsivistarinnar og láta hana falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsivistin til fullnustu, dregst gæsluvarðhald ákærða dagana 13. septemur til 27. október 1976 frá með fullri dagatölu. Greiðslufrestur sektar er 4 vikur og vararefsing 15 daga varðhald.

Refsing ákærðu Guðmundar Guðmundssonar, Ólafs Ólafssonar og Finn-

boga Gíslasonar teljast hæfilega ákveðnar fangelsi í 45 daga og sekt að fjárhæð kr. 4.500.00. Þar sem ákærðu hafa eigi fyrr hlotið refsivistardóma, þykir mega fresta fullnustu refsivistar og láta hana falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsivist til fullnustu, kemur gæsluvarðhald ákærða Guðmundar dagana 28. september—27. október 1976 og ákærða Ólafs dagana 22.—27. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu. Greiðslufrestur sekta er 4 vikur og vararefsing varðhald í 15 daga.

Refsingar ákærðu Helga Ívarssonar, Jóhanns Páls Lilaa Simonarsonar, Þorsteins Bjarnasonar og Sigurðar Kristins Eyjólfssonar teljast hæfilega ákveðnar fangelsi í 30 daga og sekt að fjárhæð kr. 4.500.00. Þar sem ákærðu hafa eigi fyrr hlotið refsivistardóma, þykir mega fresta fullnustu refsivistar og láta hana falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsivistar, kemur gæsluvarðhald ákærða Helga dagana 19.—26. október 1976, ákærða Jóhanns Páls Lilaa dagana 6.—19. október 1976 og ákærða Þorsteins dagana 7.—19. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu. Greiðslufrestur sekta er 4 vikur og vararefsing 15 dagar.

Refsingar ákærðu Friðbjörns Kristjánssonar, Gísla Hafliðsonar, Þorsteins Helga Magnússonar, Braga Sigurðssonar, Guðmundar Guðlaugssonar, Gunnars Tómasar Jónssonar, Gunnars Sigurðssonar, Þorsteins Geirssonar og Kristjáns Heimis Lárussonar teljast hæfilega ákveðnar sektir að fjárhæð kr. 4.500.00, sem greiðast innan 4 vikna, ella komi vararefsing til, 15 daga varðhald. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Friðbjörns dagana 19.—22. október 1976 og ákærða Gísla dagana 19.—23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sektar þeirra.

Loks teljast refsingar ákærðu Júlíusar Sigurðssonar, Guðmundar Ásgeirssonar, Magnúsar Gunnarssonar, Daniels Péturssonar, Geirs Marinós Jónssonar, Hreins Þorsteins Gardarssonar, Matthíasar Þorbjörns Guðmundssonar, Jörgens Jóns Hafsteins Sigurjónssonar, Guðmundar Andrés-sonar, Jóhanns Sigurðar Eymundssonar og Ríkarðs Kristjánssonar hæfilega ákveðnar sektir að fjárhæð kr. 2.500.00, sem greiðast eiga innan 4 vikna, ella sæti þeir varðhaldi í 8 daga. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Guðmundar Ásgeirssonar dagana 21.—23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sektar hans.

Ákærðu sæta einnig hver fyrir sig að undanskildum ákærða Gísla Hafliðasyni upptöku á sínu sjónvarpstæki og ákærði Kristján Heimir Lárusson á tveim tækjum sakvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Sjónvarpstæki X heitins er einnig gert upptækt samkvæmt 5. mgr. sömu lagagreinar. Lagt var hald á tæki þessi við rannsókn málsins, og eru þau í vörslu tollgæslunnar.

Ákærðu greiði hver fyrir sig réttargæslu- og málsvarnarlaun verjenda sinna, ákærði Þorlákur kr. 4.000.00, ákærði Gísli kr. 2.500.00 og ákærði Jörgen Jón Hafsteinn kr. 2.000.00, allir til Ólafs Þorgrimssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Friðbjörn kr. 3.000.00 til Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Gunnar Tómas Jónsson kr. 2.000.00 til Jónasar Adalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Þorsteinn Geirsson kr. 2.000.00 til Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, ákærði Guðmundur Ásgeirsson kr. 2.000.00 til Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns og ákærði Daníel kr. 2.000.00 til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns. Annan sakarkostnað greiða ákærðu in solidum.

Rannsóknardómarar málsins hafa áður ákvarðað réttargæslulaun vegna ákærðu Sigurðar Kristins Eyjólfssonar, Ólafs Ólafssonar, Jóhanns Páls Lilaa og Helga Ívarssonar. Þeir óskuðu ekki eftir að fá verjendur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði Þorlákur Þórarinsson sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing til fullnustu, dregst gæsluvarðhald ákærða dagana 13. september - 27. október 1976 frá með fullri dagatölu.

Ákærði Þorlákur greiði einnig sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu Guðmundur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson og Finnbogi Gíslason sæti fangelsi hver fyrir sig í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsivistar, og fellur hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar, kemur gæsluvarðhald ákærða Guðmundar dagana 28. september - 27. október 1976 og ákærða Ólafs dagana 22. - 27. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærðu Guðmundur, Ólafur og Finnbogi greiði enn fremur hver fyrir sig sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu Helgi Ívarsson, Jóhann Páll Lilaa Simonarson, Þorsteinn Bjarnason og Sigurður Kristinn Eyjólfsson sæti hver fyrir sig fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsivistar, og fellur hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skil-

orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar, kemur gæsluvarðhald ákærða Helga dagana 19. - 26. október 1976, ákærða Jóhanns Páls Lilaa dagana 6. - 19. október 1976 og ákærða Þorsteins dagana 7. - 19. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærðu Helgi, Jóhann Páll Lilaa, Þorsteinn og Sigurður Kristinn greiði enn fremur hver fyrir sig sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu Friðbjörn Kristjánsson, Gísli Hafliðason, Þorsteinn Helgi Magnússon, Bragi Sigurðsson, Guðmundur Guðlaugsson, Gunnar Tómas Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Þorsteinn Geirsson og Kristján Heimir Lárússon greiði sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 15 daga. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Friðbjörns dagana 19. - 22. október 1976 og ákærða Gísla dagana 19. - 23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sekta þeirra.

Ákærðu Júlíus Sigurðsson, Guðmundur Ásgeirsson, Magnús Gunnarsson, Daníel Pétursson, Geir Marínó Jónsson, Hreinn Þorsteinn Gardarsson, Matthías Þorbjörn Guðmundsson, Jörgen Jón Hafsteinn Sigurjónsson, Guðmundur Andrésón, Jóhann Sigurður Eymundsson og Ríkarður Kristjánsson greiði hver fyrir sig sekt að fjárhæð kr. 2.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 8 daga. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Guðmundar Ásgeirssonar dagana 21. - 23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sektar hans.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 29 sjónvarpstæki af tegundinni Nordmende 2202, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærðu greiði hver fyrir sig réttargæslu- og málsvarnarlaun verjenda sinna, ákærði Þorlákur kr. 4.000.00, ákærði Gísli kr. 2.500.00 og ákærði Jörgen Jón Hafsteinn kr. 2.000.00, allir til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Friðbjörn kr. 3.000.00 til Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Gunnar Tómas Jónsson kr. 2.000.00 til Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Þorsteinn Geirsson kr. 2.000.00 til Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, ákærði Guðmundur Ásgeirsson kr. 2.000.00 til Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns og ákærði Daníel kr. 2.000.00 til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns. Annan sakarkostnað greiði allir ákærðu in solidum.